

# Stjórnartíðindi

## 2004 - A-deild - A12-13

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Mínniháttar gallar á bls. 252 og 3. kápusíðu.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**A 12-13**

**Nr. 64-87**

**2004**

## Efnisyfirlit A 12–13 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
64	10. júní	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda .....	209
65	7. júní	Lög um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum .....	210
66	7. júní	Lög um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar .....	211-217
67	7. júní	Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum .....	217
68	7. júní	Lög um breytingu á lögum nr. 134 22. desember 1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum .....	218-222
69	7. júní	Lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum .....	222-225
70	7. júní	Lög um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum .....	225-227
71	7. júní	Lög um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum .....	228-231
72	7. júní	Lög um uppfinningar starfsmanna .....	232-234
73	7. júní	Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (rof á reynslulausn)	234-235
74	7. júní	Lög um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum .....	235-236
75	7. júní	Lög um stofnun Landsnets hf. ....	236-237
76	7. júní	Lög um tónlistarsjóð .....	238
77	7. júní	Lög um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum .....	239
78	7. júní	Lög um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum .....	240
79	7. júní	Lög um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum .....	241-242
80	9. júní	Ábúðarlög .....	243-253
81	9. júní	Jarðalög .....	254-267
82	9. júní	Lög um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum .....	267
83	9. júní	Lög um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum .....	268-272
84	9. júní	Lög um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum .....	272-275
85	9. júní	Lög um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum .	275
86	9. júní	Lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum .....	276-277
87	9. júní	Lög um olúgjald og kílómetragjald o.fl. ....	278-288

# STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 2004

---

10. júní 2004

209

Nr. 64

## FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefir tjáð mér, að nauðsyn beri til að kveðja Alþingi saman til að fjalla um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar, sem ákveðið hefur verið, að fram skuli fara, um frambúðargildi laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993, sem samþykkt voru á stjórnskipulegan hátt á Alþingi hinn 24. maí sl.

Fyrir því hefi ég ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 5. júlí 2004 kl. 15.00.

*Gjört á Bessastöðum, 10. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*



## LÖG

**um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996,  
um umgengni um nytjastofna sjávar,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að afla úr stofnum sem halda sig að hluta í efnahagslögsögu Íslands sé landað erlendis, enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.

2. gr.

4. másl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal hann setja reglur um hvernig að frágangi hans um borð í veiðiskipi og vigtun skuli staðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Árni M. Mathiesen.*

# LÖG

## um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar Norðurlandasamningur um almannatryggingar, sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46/1993.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Fylgiskjal.

#### **NORÐURLANDASAMNINGUR um almannatryggingar.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem hafa, frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) gekk í gildi, beitt ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatrygginga-reglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, einnig gagnvart þeim sem flytja á milli norrænu landanna,

sem gerðu með sér Norðurlandasamning um almannatryggingar 15. júní 1992 til viðbótar við fyrrgreinda reglugerð en með honum skuldbinda Norðurlöndin sig til að beita ákvæðum reglugerðarinnar að verulegu leyti einnig gagnvart tilteknum hópum manna sem reglugerðin tekur ekki beint til, þ.e. þeim sem eru ekki eða hafa ekki verið í starfi hjá öðrum eða starfað á eigin vegum í skilningi reglugerðarinnar eða eru ekki ríkisborgarar í landi sem er aðili að EES-samningnum,

sem vísa m.a. til 8. gr., 36. gr. og b-liðar 2. mgr. 46. gr. b, 63. gr. og 70. gr. framan- greindrar reglugerðar,

sem vilja laga samninginn að þeirri þróun sem orðið hefur á framangreindri reglugerð og á löggjöf norrænu landanna um almannatryggingar,

sem hafa hliðsjón af reglugerð ráðsins um að rýmka gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og láta ákvæði þeirra taka til þeirra ríkisborgara þriðju landa sem falla ekki undir ákvæðin einungis á grundvelli ríkisfangs síns,

sem vísa til þess að ákvæðum 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal beitt gagnvart ríkisborgara þriðja lands þegar hann hefur lagalegan rétt til að dveljast og starfa þar, svo og að leita sér atvinnu í norrænu landi eftir að hann hefur skráð sig í atvinnuleit hjá vinnu- miðlun,

sem hafa komið sér saman um sérákvæði fyrir Danmörku samkvæmt fylgiskjali með þess- um samningi,

hafa komið sér saman um að gera nýjan Norðurlandasamning um almannatryggingar og er hann svohljóðandi:

## I. HLUTI

### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

#### *Skilgreiningar.*

1. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „norrænt land“ merkir hvert og eitt samningslandanna ásamt sjálfstjórnarsvæðunum Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum að því marki sem þessi svæði hafa samþykkt að samningurinn skuli gilda fyrir þau,
2. „reglugerðin“ merkir reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildar- ríkja, með því orðalagi sem í gildi er milli norrænu landanna á hverjum tíma,
3. „framkvæmdareglugerðin“ merkir reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, með því orðalagi sem í gildi er milli norrænu landanna á hverjum tíma,
4. „grunnlífeyrir“ merkir almennan lífeyri sem ekki miðast við starfstíma sem lokið er, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, þar á meðal þann almenna lífeyri eða viðbótarlífeyri sem greiddur er þeim sem fær lítinn eða engan starfstengdan lífeyri,

5. „starfstengdur lífeyrir“ merkir almennan lífeyri sem fer einungis til þeirra sem hafa verið á vinnumarkaði samkvæmt innlendri löggjöf,
  6. „búseta“ merkir að maður sé búsettur í norrænu landi samkvæmt þjóðskrá þess ef ekki eru sérstakar ástæður til annars.
2. Önnur hugtök í þessum samningi hafa sömu merkingu og þau hafa í reglugerðinni, framkvæmdareglugerðinni eða í innlendri löggjöf norrænu landanna.

2. gr.

*Efnislegt gildissvið.*

Þessi samningur gildir um alla löggjöf sem tekur til efnislegs gildissviðs reglugerðarinnar.

3. gr.

*Persónulegt gildissvið.*

1. Samningur þessi gildir um alla einstaklinga sem falla undir persónulegt gildissvið reglugerðarinnar.
2. Samningur þessi gildir einnig um eftirtalda einstaklinga sem falla ekki undir persónulegt gildissvið reglugerðarinnar:
  - a. einstaklinga sem heyra undir eða hafa heyrt undir löggjöf í norrænu landi,
  - b. aðstandendur eða eftirlifendur sem rekja rétt sinn til einstaklinga sem um getur í a-lið.

4. gr.

*Rýmkun gildissviðs reglugerðarinnar.*

Ef ekki er annars getið í þessum samningi skal rýmka gildissvið reglugerðarinnar og framkvæmdareglugerðarinnar þannig að reglugerðirnar taki til allra þeirra sem falla undir þennan samning og eru búsettir í norrænu landi.

## II. HLUTI

### **Ákvæði um hvaða löggjöf skuli beita.**

5. gr.

*Einstaklingar utan vinnumarkaðar.*

1. Að því er varðar einstaklinga sem eru ekki eða hafa ekki verið launþegar eða sjálfstætt starfandi í skilningi reglugerðarinnar er löggjöfinni í því norræna landi þar sem þeir eru búsettir beitt.
2. Maki og börn undir 18 ára aldri, sem fylgja launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi frá einu norrænu landi til annars, skulu, þegar ákvæði d-liðar 2. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 14. gr. a og 17. gr. reglugerðarinnar hafa í för með sér að launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur fellur áfram undir löggjöf í fyrrnefnda landinu, einnig falla áfram undir löggjöf þess lands eins og þau sem fylgja honum væru áfram búsett þar.

6. gr.

*Einstaklingar á vinnumarkaði.*

Við beitingu ákvæða í II. bálki reglugerðarinnar telst einnig starf við rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda á landgrunni lands sem starf í því landi.

## III. HLUTI

**Sérákvæði um rétt til bóta.****1. kafli.****Veikindi og meðganga og fæðing.**

## 7. gr.

*Greiðsla vegna kostnaðar við heimferð.*

1. Nú er einstaklingur búsettur í norrænu landi og á rétt á aðstoð þar en fær aðstoð meðan hann dvelur tímabundið í öðru norrænu landi og skal þá dvalarlandið standa straum af þeim aukakostnaði við heimferð til búsetulandsins sem leiðir af því að vegna veikindanna verður viðkomandi að nota dýrari ferðamáta en hann ella mundi gera.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstakling sem fær leyfi til að fara til annars norræns lands til þess að fá þá meðferð sem hann þarfnast.

**2. kafli.****Bætur vegna örorku, elli og andláts.**

## 8. gr.

*Lágmarksbúsetutími til að öðlast rétt til grunnlífeyris.*

1. Einstaklingur, sem er ekki eða hefur ekki verið í starfi hjá öðrum eða starfað á eigin vegum í skilningi reglugerðarinnar, á því aðeins rétt á grunnlífeyri frá norrænu landi að hann hafi öðlast rétt til slíks lífeyris í því landi á grundvelli a.m.k. þriggja ára búsetu þar.

2. Ekki er hægt að uppfylla skilyrði 1. mgr. með vísan til búsetu- og tryggingatímabila í öðrum löndum.

3. Tímabil, sem leiðir til lífeyrisréttar í öðru landi og reglugerðin eða þessi samningur gildir um, skal ekki reikna með þegar sannreyna á hvort skilyrði um búsetu skv. 1. mgr. hafi verið fullnægt.

## 9. gr.

*Grunnlífeyrir á grundvelli búsetu í landi sem er aðili að EES-samningnum.*

Einstaklingur á rétt á grunnlífeyri sem hann hefur öðlast í norrænu landi á meðan hann er búsettur í landi sem er aðili að EES-samningnum. Hið sama á við um búsetu í Færeyjum og á Grænlandi að því marki sem samningurinn á við um þessi svæði.

## 10. gr.

*Samkomulag skv. b-lið 2. mgr. 46. gr. b í reglugerðinni.*

Hafi skilyrðum fyrir því að lífeyrir sé einnig reiknaður út á grundvelli ætlaðra trygginga- eða búsetutímabila, sem hefðu komið til hefði lífeyrisatburður ekki gerst, verið fullnægt í fleiri en einu norrænu landi skal við útreikning í hverju einstöku landi eingöngu tekið tillit til hluta ætlaðra tímabila. Sá hluti er ákveðinn á grundvelli raunverulegra trygginga- eða búsetutímabila sem eru notuð við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegra tímabila í landinu og samanlagðra raunverulegra tímabila í löndunum.

## 11. gr.

*Tiltekin tímabil fyrir 1994.*

Hafi einstaklingur öðlast rétt til grunnlífeyris frá norrænu landi á grundvelli búsetu í landinu fyrir 1. janúar 1994 og á sama tíma öðlast rétt til starfstengds lífeyris í öðru norrænu

landi skal grunnlífeyrir fyrir þetta tímabil eingöngu koma frá síðarnefnda landinu. Hafi einstaklingur á þessu tímabili öðlast samtímis rétt til starfstengds lífeyris frá fleiri norrænum löndum, og þar af hafi eitt þeirra verið búsetuland hans, skal grunnlífeyrir einungis koma frá síðastnefnda landinu.

### 3. kafli.

#### Atvinnuleysisbætur.

##### 12. gr.

*Undanþágur frá tilteknum kröfum um að tímabilum sé lokið.*

Skilyrði 3. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar um trygginga- eða starfstímabil eiga ekki við um þá einstaklinga sem hafa annaðhvort starfað í þeim mæli að viðkomandi hafi fallið undir lög-  
gjöf um atvinnuleysisbætur eða hafi fengið atvinnuleysisbætur í því norræna landi þar sem sótt er um bætur. Starfið skal þó hafa verið leyst af hendi eða atvinnuleysisbætur greiddar innan fimm ára frá þeim degi sem sótt var um atvinnu hjá opinberri vinnumiðlun og, ef við á, um félagaskráningu hjá viðkomandi atvinnuleysistryggingasjóði.

#### IV. HLUTI

#### Önnur ákvæði.

##### 13. gr.

*Framkvæmdarákvæði.*

Þar til bær stjórnvöld skulu setja þær reglur sem þurfa þykir til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

##### 14. gr.

*Samskiptastofnun.*

Við framkvæmd samnings þessa skulu stjórnvöld og stofnanir veita gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Í hverju norrænu landi skal vera samskiptastofnun sem tilnefnd er af þar til bæru stjórnvaldi.

##### 15. gr.

*Afsal endurgreiðslna.*

1. Ef ekki er samið um annað milli tveggja eða fleiri norrænna landa afsala þau sér skv. 36., 63. og 70. gr. reglugerðarinnar og 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar allri endurgreiðslu sín í milli vegna útgjalda við aðstoð vegna veikinda og barnsburðar og vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, vegna bóta til atvinnulausra sem leita atvinnu utan lögbærs lands og vegna útgjalda við eftirlit stjórnsýslu- og lækisfræðilegs eðlis.

2. Afsal endurgreiðslu nær ekki til aðstoðar við þann sem fær leyfi skv. c-lið 1. mgr. 22. gr. og c-lið 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar til að fara til annars norræns lands og fá þar þá meðferð sem ástand hans krefst.

##### 16. gr.

*Gildistaka.*

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar frá því að allar ríkisstjórnir hafa tilkynnt dönsku ríkisstjórninni að þær hafi staðfest samninginn.

2. Hvað varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar öðlast samningurinn gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórnir Danmerkur og Finnlands hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að færeyska landstjórnin, grænlandska landstjórnin og þing Álandseyja hafi tilkynnt að samningurinn skuli gilda fyrir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar.

3. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum og skrifstofu norrænu ráðherra-nefndarinnar um viðtöku þessara tilkynninga og hvenær samningurinn öðlast gildi.

17. gr.

*Uppsögn samningsins.*

1. Óski einn aðili eftir að segja samningnum upp skal hann afhenda danska utanríkisráðuneytinu skriflega tilkynningu þess efnis og skal ráðuneytið gera öðrum aðilum viðvart um viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.

2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann aðila sem segir upp og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum sex mánuðum hið minnsta frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.

3. Sé samningnum sagt upp haldast áfram þau réttindi sem fengin eru á grundvelli hans.

18. gr.

*Eldri ákvæði.*

1. Við gildistöku samnings þessa fellur Norðurlandasamningurinn frá 15. júní 1992 um almannatryggingar úr gildi. Þessi samningur skal ekki hafa í för með sér lækkun bótafjárhæða sem greiddar eru við gildistöku samningsins.

2. Grunnlífeyrir til ríkisborgara í norrænu landi, sem fram til 31. desember 1993 var greiddur samkvæmt ákvæðum Norðurlandasamningsins frá 5. mars 1981 um almannatryggingar eða samkvæmt innlendri löggjöf í einu eða fleiri landanna og er áfram greiddur frá gildistöku þessa samnings samkvæmt ákvæðum hans, skal reiknaður samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar eða þessum samningi ef rétt hafi sækir um grunnlífeyri frá öðru norrænu landi.

3. Umsóknir um bætur sem eru lagðar fram eftir gildistöku þessa samnings skulu afgreiddar samkvæmt þessum samningi einnig þegar um er að ræða bætur fyrir tímabil fyrir gildistöku.

19. gr.

*Undirritun.*

Frumtexti samnings þessa skal varðveittur í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum aðilum í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Karlskrona hinn 18. ágúst 2003 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

## FYLGISKJAL

Sérákvæði fyrir Danmörku varðandi 4. gr.

Að því er varðar

- 7. og 8. kafla í III. bóki reglugerðarinnar
- 69. og 70. gr. reglugerðarinnar
- grunnlífeyri í 8. og 9. gr. samningsins

skal beiting reglugerðarinnar og framkvæmdareglugerðarinnar einungis taka til ríkisborgara í norrænu landi og því gilda 8. og 9. gr. samningsins aðeins fyrir norræna ríkisborgara.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Jón Kristjánsson.*

## LÖG

**um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,  
nr. 4/1995, með síðari breytingum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögnum:

- a. Í stað ártalanna „2002–2005“ kemur: 2002–2006.
- b. Í stað orðanna „fyrstu þrjú árin“ kemur: fyrstu fjögur árin.
- c. Í stað ártalsins „2005“ kemur: 2006.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Árni Magnússon.*



# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 134 22. desember 1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Orðin „eða notkunar“ í 3. mgr. falla brott.
- b. 4. mgr. orðast svo:

Ákvæði 8. og 9. gr. laga þessara taka ekki til vöru sem um gilda sérstök lög eða reglur um öryggi vöru. Þar sem ákvæði sérlaga eru ófullnægjandi eða ganga skemmra en ákvæði IV. og V. kafla laga þessara skulu þau ákvæði gilda. Hið sama á við um skyldur framleiðenda og dreifingaraðila eftir því sem við getur átt.

#### 2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein er verður 7. gr. a, svohljóðandi:

*Tilkynntur aðili.*

Tilkynntur aðili er aðili sem stjórnvöld telja hæfan til að meta samræmi vöru við þau ákvæði laga og reglna sem um þær vörur gilda og stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB sem hæfan til að framkvæma samræmismat fyrir tiltekna vörur samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um hlutaðeigandi vöru.

#### 3. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.
2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.
3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.
4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.

## 4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

*Afturköllun og vara tekin af markaði.*

Afturköllun merkir hverja þá ráðstöfun sem miðar að því að hættulegri vöru, sem framleiðendur eða dreifingaraðilar hafa þegar afhent eða boðið neytendum, verði skilað.

Að vara sé tekin af markaði merkir hverja þá ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að hættuleg vara fari í dreifingu eða sé sýnd eða boðin neytendum.

## 5. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.

Í þeim tilvikum þar sem ákvæði um öryggi vöru er ekki að finna í reglum eða stöðlum í samræmi við 1. og 2. mgr. skal öryggi vörunnar m.a. metið með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Íslenskum stöðlum.
2. Tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem fram koma viðmiðunarreglur um mat á öryggi vöru.
3. Gildandi lögum og reglum um góðar starfsvenjur varðandi öryggi vöru innan viðkomandi atvinnugreinar.
4. Evrópustöðlum, öðrum en þeim sem getið er í 2. mgr.
5. Öðrum viðeigandi atriðum, þar á meðal eðli vöru, öðrum vörum sem hún er notuð með, tæknistigi og tækni og því öryggi sem neytendur geta vænst með réttu.

Ef ekki eru til sérákvæði í tilskipunum Evrópusambandsins um öryggi tiltekinnar vöru telst viðkomandi vara örugg ef hún er í samræmi við sérreglur í landslögum þess EES-ríkis þar sem hún er markaðssett enda séu slíkar reglur í samræmi við grundvallarreglur Evrópusambandsins og EES-samningsins um leyfilegar takmarkanir að því er varðar öryggi vöru.

## 6. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, svohljóðandi:

Framleiðanda vöru er skylt að upplýsa um hættu sem kann að fylgja notkun hennar ef hættueiginleikarnir eru ekki augljósir og gera varúðarráðstafanir til að takmarka hættuna. Það að slíkar upplýsingar séu veittar leiðir ekki til undanþágu frá öðrum ákvæðum laga þessara.

Framleiðendum og dreifingaraðilum ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hættuleg vara komist á markað, t.d. með því að fela tilkynntum aðila yfirferð samræmisýfirlýsingar þegar þess er krafist samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um hlutaðeigandi vöru, gera úrtaksprófanir á markaðssettum vörum, taka kvartanir til meðferðar og veita upplýsingar um hættueiginleika vörunnar, framleiðanda hennar og tilvísunarnúmer vörunnar eða, þar sem við á, framleiðslulotunnar sem hún tilheyrir.

Dreifingaraðila vöru er skylt að gæta þess vandlega að farið sé að gildandi öryggiskröfum og afhenda ekki vörur sem hann veit eða má vita að uppfylli ekki þessar kröfur með hliðsjón af þeim upplýsingum sem hann hefur undir höndum og sem fagmaður.

Ef framleiðendur og dreifingaraðilar vita eða hafa mátt vita að vara sem þeir hafa markaðssett stofni neytendum í hættu eða veruleg áhætta geti fylgt áframhaldandi notkun hennar án frekari öryggisráðstafana eða úrbóta skulu þeir tafarlaust tilkynna eftirlitsstjórnvöldum um það. Í slíkum tilvikum ber þeim að upplýsa eftirlitsstjórnvald um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að koma í veg fyrir að neytendum sé stofnað í hættu. Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein er skylt að senda eftirlitsstjórnvöldum í þeim aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem viðkomandi vörur hafa verið markaðssettar eða afhentar neytendum á annan hátt. Ef um alvarlega áhætta er að ræða skulu þessar upplýsingar fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi atriði:

1. Upplýsingar sem gera kleift að bera nákvæm kennsl á viðkomandi vöru eða framleiðslu-lotu.
2. Nákvæma lýsingu á hættunni sem viðkomandi vara hefur í för með sér.
3. Allar tiltækar upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til að rekja uppruna vörunnar.
4. Lýsingu á aðgerðum sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir að neytendum sé hætta búin.

Dreifingaraðilum er skylt að halda utan um skjöl sem nauðsynleg eru til að rekja uppruna vöru. Skjöl skulu aldrei geymd skemur en skylt er að geyma skjöl samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga.

Ef aðgerðir þær sem kveðið er á um í 1., 2. og 4. mgr. eru ekki nægilegar er framleiðendum og dreifingaraðilum skylt að afturkalla vöru eða taka hana af markaði samkvæmt ákvörðun eftirlitsstjórnvalds.

Framleiðendur og dreifingaraðilar skulu ekki flytja út frá Íslandi vöru til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins hafi hún verið tekin af markaði vegna hættu sem neytendum stafar af henni.

#### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Orðin „í samræmi við staðla og venjur sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunar-samtaka Evrópu“ falla brott.
- b. 2. másl. 3. tölul. orðast svo: Varúðar- og notkunarleiðbeiningar sem tryggja örugga notkun vöru skulu vera í eðlilegri lesstærð og á íslensku ritmáli ef það á við.

#### 8. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

##### *Skyldur framleiðenda og dreifingaraðila.*

Framleiðendum og dreifingaraðilum samkvæmt lögum þessum er skylt að beiðni eftirlitsstjórnvalda að veita þeim aðstoð í tengslum við aðgerðir sem stuðla eiga að öryggi neytenda. Þá er þeim skylt að afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur þeirra ef eftirlitsstjórnvöld óska eftir því í tengslum við rannsókn máls.

#### 9. gr.

7. tölul. 14. gr. laganna orðast svo: Að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem lög þessi taka til ef nauðsyn ber til og annast samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA og önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og vera tengiliður við RAPEX-tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar vörur á markaði.

## 10. gr.

1. og 2. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Löggildingarstofa skal stofnsetja samvinnunefndir um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld og skoðunarstofur eftir því sem við getur átt.

Samvinnunefnd skal tryggja skilvirkni í markaðseftirliti með því að fjalla um starfsáætlanir og skipulag markaðseftirlits eftirlitsstjórnvalda, svo og athugasemdir sem þeim berast og gerðar eru um einstakar vörur og vöruflokka, og gera tillögur til Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda sem taka endanlega stjórnvaldsákvörðun um skilvirkt eftirlit með vöru samkvæmt lögum þessum eða sérlögum ef það á við.

## 11. gr.

Við 2. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málslíður, sem orðast svo: Lögregla skal tilkynna Löggildingarstofu um slys sem hún rannsakar ef ætla má að orsök þess sé af völdum vöru eða þjónustu sem lög þessi taka til.

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eftirlitsstjórnvald getur með rökstuðningi afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu vöru ef hún uppfyllir ekki formleg skilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunar- og skoðunarskýrslur.

b. Á eftir orðunum „getur eftirlitsstjórnvald“ í 2. mgr. kemur: afturkallað, tekið af markaði eða.

## 13. gr.

Á eftir orðunum „Eftirlitsstjórnvöld skulu“ í 21. gr. laganna kemur: afturkalla, taka af markaði eða.

## 14. gr.

Á eftir orðunum „í tengslum við“ í 1. og 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða.

## 15. gr.

Á eftir 22. gr. laganna kemur ný grein, 22. gr. a, svohljóðandi:

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt að krefjast þess að vara sem getur verið hættuleg við tiltekin skilyrði eða tiltekna notkun sé merkt með upplýsingum á íslensku um þá hættu.

## 16. gr.

Á eftir orðunum „Hafi eftirlitsstjórnvald“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: afturkallað, tekið af markaði eða.

## 17. gr.

Á eftir orðinu „skoðunarstofu“ í 26. gr. laganna kemur: og tilnefndra aðila.

18. gr.

Á eftir 28. gr. laganna kemur ný grein, 28. gr. a, svohljóðandi:

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003 frá 31. janúar 2003, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlandan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB, um öryggi vöru.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*

## LÖG

### um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 39. gr. laganna bætist: en meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella.

2. gr.

4. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur ákveðið að víkja frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.

3. gr.

42. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Lausn frá nefndasetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið á sama hátt og skv. 34. gr.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lög-mætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef

hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

4. gr.

Við 1. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. 6. mgr. orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til stofnana og fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins sem falla undir b-lið 60. gr. Einnig getur sveitarstjórn veitt einfalda ábyrgð vegna lánveitinga til framkvæmda á vegum félaga sem sveitarfélagið á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila til að veita lög-ákveðna þjónustu en innbyrðis skal ábyrgð eigenda skiptast í hlutfalli við eignarhluti. Skilyrði fyrir ábyrgðarveitingu er að viðkomandi lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila og að allir eigendur ábyrgist lánið í samræmi við eignarhlut sinn. Ábyrgðin fellur úr gildi ef lögaðillinn færir að einhverju leyti í eigu einkaaðila.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Prókúruhafa sveitarsjóðs er heimilt fyrir hönd sveitarfélags að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.

6. gr.

2. mgr. 91. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórnnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga hlýtur samþykki íbúa er heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga þótt tillaga samstarfsnefndar hljóti ekki samþykki íbúa allra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Skilyrði er að tillaga hafi verið samþykkt í a.m.k.  $\frac{2}{3}$  sveitarfélaganna og að í þeim sveitarfélögum búi a.m.k.  $\frac{2}{3}$  íbúa á svæðinu.

7. gr.

Við lögina bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)

Í tengslum við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins skal sameiningarnefnd, sem skipuð er af félagsmálaráðherra, undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga.

Við gerð tillagna sinna skal nefndin hafa hliðsjón af landfræðilegum og félagslegum aðstæðum og sjónarmiðum hlutaðeigandi sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Tillögur skulu miða að því að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði.

Nefndin skal kynna sveitarstjórnnum og samtökum þeirra tillögur sínar og veita þeim hæfilegan frest til að gera athugasemdir við tillögurnar. Einnig skal gefa almenningi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina.

Þegar frestur til að skila athugasemdum við sameiningartillögur er liðinn skal sameiningarnefnd fara yfir athugasemdir. Að því loknu skal nefndin ákveða hvort hún gerir breytingar á tillögu, dregur hana til baka eða leggur hana fram óbreytta. Endanlegar tillögur nefndarinnar skal auglýsa í dagblöðum og á annan þann hátt sem nefndin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða samtök þeirra.

Þær sveitarstjórnir sem sameiningartillaga varðar skulu hver tilnefna tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem annast undirbúning atkvæðagreiðslu um tillöguna og gerð kynningarefnis um áhrif hugsanlegrar sameiningar. Sameiningarnefnd og félagsmálaráðuneytið skulu veita samstarfsnefndinni nauðsynlega ráðgjöf um meðferð tillagnanna.

b. (II.)

Atkvæðagreiðsla um tillögur sameiningarnefndar skal fara fram 23. apríl 2005 í öllum sveitarfélögum sem tillögur varða.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu, kosningarrétt og gerð kjörskrár gilda ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Yfirkjörstjórn í hverju sveitarfélagi annast framkvæmd atkvæðagreiðslu og talningu atkvæða en samstarfsnefnd hefur eftirlit með talningu og tilkynnir úrslit atkvæðagreiðslu.

Ekki er heimilt að hefja talningu atkvæða fyrr en öllum kjörstöðum hefur verið lokað í þeim sveitarfélögum sem taka þátt í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu.

c. (III.)

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum samkvæmt tillögu sameiningarnefndar nema fleiri íbúar þess lýsi sig fylgjandi tillögunni í atkvæðagreiðslu en andvíga.

Sameining sveitarfélaga telst samþykkt ef sameiningartillaga hlýtur samþykki íbúa í öllum sveitarfélögum sem tillagan varðar, sbr. 1. mgr., og tekur gildi 9. júní 2006 nema sveitarstjórnir ákveði aðra dagsetningu í samráði við ráðuneytið.

Ef tillaga sameiningarnefndar hlýtur ekki samþykki íbúa í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en meiri hluti þeirra sem afstöðu taka í atkvæðagreiðslu lýsir sig þó fylgjandi sameiningu, skal greiða atkvæði að nýju innan sex vikna í sveitarfélögum þar sem tillaga var felld. Skilyrði er að tillagan hafi verið samþykkt í a.m.k. tveimur sveitarfélögum. Skal þá sama kjörskrá gilda og við fyrri atkvæðagreiðslu.

Að lokinni atkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. er sveitarstjórnnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga var samþykkt heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga. Þetta verður þó ekki gert nema tillaga hafi verið samþykkt í a.m.k.  $\frac{2}{3}$  sveitarfélaganna og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k.  $\frac{2}{3}$  íbúa á svæðinu.

Sameining sveitarfélaga samkvæmt þessu ákvæði skal taka gildi 9. júní 2006 nema sveitarstjórnir ákveði aðra dagsetningu í samráði við ráðuneytið.

d. (IV.)

Sameiningarnefnd getur ákveðið að leggja fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld í atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðsla um þá tillögu skal fara fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006 og skal gera nýja kjörskrá fyrir þá atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti fer um framkvæmd atkvæðagreiðslu og úrslit samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II og III.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 7. gr. laga þessara skulu ekki standa því í vegi að sveitarfélög sem ákveðið hafa að skipa samstarfsnefnd, sbr. 90. gr. laganna, fyrir gildistöku þessara laga haldi þeim viðræðum áfram og efni til atkvæðagreiðslu um sameiningu 23. apríl 2005 eða fyrr. Um framkvæmd og úrslit slíkra atkvæðagreiðslna sem fram fara eftir 31. desember 2004 fer skv. b–d-lið 7. gr. (ákvæðum til bráðabirgða II–IV) og getur sameiningarnefnd, að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög, lagt fram bindandi tillögu um að fleiri sveitarfélög skipi fulltrúa í samstarfsnefnd og taki þátt í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Árni Magnússon.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

## a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Eftirtaldir aðilar hafa heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.
2. Líftryggingafélög, sbr. lög um váttryggingastarfsemi.
3. Lífeyrissjóðir, enda uppfylli þeir skilyrði 4. og 5. gr.

## b. Á eftir 3. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, er heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga, með stofnun útibús hér á landi, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eða án stofnunar útibús, sbr. 32. gr. sömu laga. Ákvæði 31., 32., 34. og 35. gr. þeirra laga gilda um heimildir viðskiptabanka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja til að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga eftir því sem við á.

Erlendum líftryggingafélögum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, er heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga, með stofnun útibús hér á landi, sbr. 64. gr. laga nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi, eða án stofnunar útibús, sbr. 65. gr. þeirra laga. Ákvæði 64.–70. gr. laganna gilda um heimildir líftryggingafélaga til að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga eftir því sem við á.



Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um með hvaða hætti rétthöfum skulu tryggðar upplýsingar um skilmála samninga um lífeyrissparnað og viðbótartryggingavernd, svo sem um efni þeirra, form og áunnin réttindi.

## 2. gr.

Í stað „1.–3. tölul.“ í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: 1. og 2. tölul.

## 3. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, svohljóðandi:

Launþega, sem kemur til starfa hingað til lands frá höfuðstöðvum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skal heimilt að greiða til lífeyriskerfis með sama hætti og honum væri heimilt ef hann aflaði teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru og lífeyriskerfið fellur ekki undir reglugerð nr. 1408/71/EBE. Ef greiðslu iðgjalda til slíks lífeyriskerfis er haldið áfram skv. 1. málsl. eru launþegi sem starfar utan höfuðstöðva og vinnuveitandi hans undanþegnir allri skyldu til að greiða iðgjöld til sambærilegs lífeyriskerfis hér á landi.

Vinnuveitendur, lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar skulu hafa tiltækar upplýsingar fyrir sjóðfélaga, sem flytjast til annarra aðildarríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, um áunnin lífeyrisréttindi þeirra úr lífeyriskerfum skv. 1. mgr., með hvaða hætti þau verði varðveitt, hvort unnt sé að flytja þau til erlendra sjóða og hvert beri að snúa sér þegar þau verða virk.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, en verðbréfasafni að baki skírteinum eða hlutum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
- b. Á eftir 7. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- c. Í stað „1., 2. og 5.–8.“ í 2. mgr. kemur: 1., 2. og 5.–9.
- d. Í stað „1., 2., 5., 6. og 8.“ í 3. mgr. kemur: 1., 2., 5., 6., 8. og 9.
- e. Í stað „2., 5., 6., og 8.“ í 4. mgr. kemur: 2., 5., 6., 8. og 9.
- f. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þó skal samanlögð eign skv. 6. og 8. tölul. 1. mgr. ekki vera meiri en 50% af hreinni eign sjóðsins. Eign lífeyrissjóðs skv. 8. tölul. 1. mgr. í sjóðum sem lúta ekki opinberu eftirliti skal þó aldrei vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.
- g. 5. mgr. orðast svo:

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 9. tölul. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 1. málsl. og innlánnum skv. 4. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum út-

gefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. Þó er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa. Lífeyrissjóði er óheimilt að binda meira en 25% af hreinni eign í innlánnum sama banka eða sparissjóðs.

h. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lífeyrissjóðum er ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tölul. 1. mgr. sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.

5. gr.

Í stað „sbr. 1.–9. tölul. 1. mgr. 36. gr.“ í 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: sbr. 1.–10. tölul. 1. mgr. 36. gr.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 6. másl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóðum heimilt að eiga eða binda hærra hlutfall af hreinni eign sinni í innlánnum og verðbréfum en þar er kveðið á um fram til 1. janúar 2006.

7. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til menntastofnana landbúnaðarins sem eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal.

#### 2. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra skipar búfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Búfræðsluráð skal skipað átta fulltrúum: rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, skólameistara Hólaskóla, tveimur fulltrúum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum fulltrúa kjörnum af búnaðarþingi og tveimur fulltrúum kennara tilnefndum af félagi þeirra, auk formanns sem landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „almennar reglur“ í 1. mgr. kemur: reglugerð.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 4. tölul., er orðast svo: Verkaskiptingu á milli skólanna.
- c. 2. mgr. fellur brott.

#### 4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Við Landbúnaðarháskóla Íslands skal starfrækt sérstakt rannsóknasvið, sbr. V. kafla laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum.

#### 5. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar og garðyrkju sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræði- og rannsóknastörf í þágu íslensks landbúnaðar og garðyrkju.

#### 6. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Landbúnaðarháskóla Íslands er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar stefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag skólans.

Rektor er yfirmaður stjórnarsýslu háskólans og ber ábyrgð á rekstri hans. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði.

Rektor er æðsti fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans. Verkefni rektors skulu nánar skilgreind í erindisbréfi hans.

## 7. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem jafnframt er formaður ráðsins.
2. Einn fulltrúi skipaður af landbúnaðarráðherra.
3. Einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra.
4. Tveir fulltrúar tilnefndir af Bændasamtökum Íslands.
5. Einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins.
6. Einn fulltrúi tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands.
7. Einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.
8. Einn fulltrúi tilnefndur af nemendum.

Tilnefna skal og skipa bæði aðal- og varamenn í háskólaráð. Landbúnaðarráðherra skipar háskólaráð til fimm ára í senn.

## 8. gr.

Í stað orðsins „forseta“ í 24. gr. laganna kemur: formanns.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „samkvæmt tilnefningu háskólaráðs“ komi: að fenginni umsögn háskólaráðs.
- b. 3. mgr. fellur brott.

## 10. gr.

Í stað orðanna „Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri“ í 26. og 27. gr. laganna kemur: Landbúnaðarháskóla Íslands.

## 11. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Við Landbúnaðarháskóla Íslands skal starfrækja sérstakar búnaðarnámsbrautir og sérstakar starfsmenntanámsbrautir á sviði garðyrkju. Heimilt er að ráða að búnaðar- og starfsmenntanámsbrautum skólans kennara sem ekki uppfylla skilyrði til háskólakennslu skv. 27. gr.

Um yfirstjórn búnaðar- og starfsmenntanáms í Landbúnaðarháskóla Íslands fer eftir ákvæðum 22. og 23. gr. og er rektor skólans jafnframt yfirmaður þess.

## 12. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Landbúnaðarháskóli Íslands. Stjórn og starfslið.**

## 13. gr.

VI. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal. Stjórn og starfslið**, orðast svo:

a. (29. gr.)

Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal, telst ásamt Landbúnaðarháskóla Íslands til menntastofnana landbúnaðarins. Hólaskóli veitir nemendum sínum menntun og þjálfun á sértækum sviðum íslensks landbúnaðar.

## b. (30. gr.)

Stjórn Hólaskóla er falin skólanefnd og skólameistara.

Skólanefnd er ráðgefandi um skipulag, stefnu og áherslur í kennslu, rannsóknnum og öðrum verkefnum skólans.

Skólameistari er yfirmaður stjórnarsýslu Hólaskóla og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan og ber ábyrgð á starfsemi skólans. Skólameistari hefur frumkvæði að því að skólanefnd marki heildarstefnu í málefnum skólans. Skólameistari ræður kennara og annað starfsfólk. Önnur verkefni skólameistara skulu skilgreind í erindisbréfi hans.

## c. (31. gr.)

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna skólanefnd við skólann til fjögurra ára í senn.

Í skólanefnd Hólaskóla eiga sæti einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, einn fulltrúi búnáðarþings, tveir fulltrúar bænda í Hólástifti og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu samtaka sveitarfélaganna í Hólástifti. Nefndin kys sér sjálf formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar í skólanefnd eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

## d. (32. gr.)

Landbúnaðarráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn.

Staða skólameistara skal auglýst laus til umsóknar. Landbúnaðarráðherra er heimilt að endurskipa sama mann skólameistara að fengnum tillögum skólanefndar. Hæfni umsækjenda um embætti skólameistara skal metin eftir menntun, stjórnunarreynslu og vísinda- og kennslustörfum.

## e. (33. gr.)

Kennarar og aðrir sérfræðingar við Hólaskóla skulu hafa lokið háskólaprófi í landbúnaðarfræðum eða hafa hliðstæða menntun. Þeir skulu auk kennslu vinna að rannsóknnum og öðrum hliðstæðum störfum í þágu stofnunarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ráða kennara í verklegum greinum sem hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og starfsþjálfunar á viðkomandi sviði að mati skólameistara.

## f. (34. gr.)

Heimilt er að stofna til kennslu á háskólastigi við Hólaskóla á afmörkuðum sviðum með samþykki landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn búfræðsluráðs, enda sé slíkt nám í fullu samræmi við annað nám á háskólastigi samkvæmt lögum þessum og viðurkennt skv. 2. mgr. 2. gr. og 5. gr. laga þessara að mati búfræðsluráðs.

14. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skipulag og starfsemi rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands.

15. gr.

39. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Störf hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi og Rannsóknastofnun landbúnaðarins eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki framangreindra stofnana skulu boðin störf hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. laga þessara skal skipa nýtt háskólaráð frá 1. júlí 2004, eftir ákvæðum 7. gr. laga þessara, þó þannig að í stað rektors skipar landbúnaðarráðherra tíma-bundið formann háskólaráðs uns rektor Landbúnaðarháskóla Íslands hefur verið skipaður.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. laga þessara skal skipa rektor Landbúnaðarháskóla Íslands frá 1. ágúst 2004 og skal hann ásamt háskólaráði undirbúa framkvæmd laga þessara.

Við gildistöku laga þessara tekur Landbúnaðarháskóli Íslands við öllum eignum og skuld-bindingum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nemendur sem við gildistöku laga þessara stunda nám í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins eiga rétt á að ljúka námi samkvæmt gildandi náms-skipulagi skólanna við gildistöku laganna. Nemendur geta þó lokið prófum samkvæmt nýju skipulagi ef þeir kjósa svo.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Guðni Ágústsson.*

# LÖG

## um uppfinningar starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Orðið „uppfinning“ merkir í lögum þessum aðeins uppfinningu sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir hér á landi.

Orðið „starfsmaður“ merkir hvern þann sem ráðinn er til starfa hjá hinu opinbera eða einkaaðila.

##### 2. gr.

##### *Frávíkjanleg lög.*

Víkja má frá ákvæðum laga þessara með samningum nema ótvírætt sé kveðið á um annað í lögum þessum.

### II. KAFLI

#### Réttarstaða starfsmanns og atvinnurekanda.

##### 3. gr.

##### *Réttur starfsmanns til uppfinningar.*

Starfsmaður á rétt til uppfinningar sem hann kemur fram með að svo miklu leyti sem annað leiðir eigi af lögum þessum eða öðrum lögum.

##### 4. gr.

##### *Framsal réttar til atvinnurekanda.*

Ef starfsmaður hefur komið fram með uppfinningu sem er þáttur í starfi hans getur atvinnurekandi krafist framsals réttarins yfir uppfinningunni til sín enda sé hagnýting hennar á starfssviði atvinnurekandans. Atvinnurekandinn hefur sama rétt þótt hagnýting uppfinningarinnar sé ekki á starfssviði atvinnurekandans ef uppfinning starfsmannsins tengist tilteknu verkefni sem atvinnurekandinn hefur falið honum.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef fleiri starfsmenn en einn, sem ráðnir eru til starfa hjá atvinnurekanda, standa saman að uppfinningu.

##### 5. gr.

##### *Tilkynning um uppfinningu.*

Hafi starfsmaður komið fram með uppfinningu skv. 4. gr. skal hann án ástæðulauss dráttar tilkynna atvinnurekanda með sannanlegum hætti um uppfinninguna og gefa þannig upplýsingar um hana að atvinnurekandinn geti metið mikilvægi hennar.

## 6. gr.

*Biðtími atvinnurekanda, þagnarskylda og einkaleyfisumsókn.*

Óski atvinnurekandi eftir því að öðlast rétt til uppfinningar skv. 4. gr. skal hann skýra starfsmanninum frá því innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningar skv. 5. gr.

Áður en fresturinn rennur út er starfsmanni óheimilt, sbr. þó 3. mgr., án skriflegs samþykkis atvinnurekandans, að upplýsa aðra um uppfinninguna eða ráðstafa henni þannig að unnt sé að birta upplýsingar um uppfinninguna eða nota hana í þágu annarra. Þetta gildir þó ekki ef atvinnurekandinn hefur lýst því yfir skriflega að hann hafi ekki áhuga á uppfinningunni.

Fyrir lok frestsins og eftir að hafa fullnægt tilkynningarskyldu sinni skv. 5. gr. getur starfsmaðurinn sótt um einkaleyfi fyrir uppfinningunni en hann skal þó áður tilkynna atvinnurekandanum það. Starfsmaðurinn getur ekki fyrir fram afsalað sér rétti til að sækja um einkaleyfi nema vikið hafi verið frá ákvæðum 3. og 4. gr. með samningi milli atvinnurekanda og starfsmanns sem ráðinn er til að vinna að uppfinningum.

## 7. gr.

*Sanngjarnt endurgjald.*

Ef atvinnurekandi öðlast rétt til uppfinningar starfsmanns skv. 4. gr. eða á öðrum grundvelli á starfsmaðurinn rétt á sanngjörnu endurgjaldi, jafnvel þótt um annað hafi verið samið, nema verðmæti uppfinningarinnar fari ekki fram úr því sem ætla má með sanngirni að starfsmanninum beri að inna af hendi með tilliti til heildarkjara hans.

Við ákvörðun endurgjalds skal sérstakt tillit tekið til verðmætis uppfinningarinnar og mikilvægis hennar fyrir starfsemi atvinnurekandans, ráðningarkjara starfsmanns og hlutdeildar starfsmannsins í uppfinningunni. Ef starfsmaðurinn er ráðinn til að vinna að uppfinningum má semja um að sanngjarnt endurgjald fyrir uppfinningu felist í ráðningarkjörum starfsmannsins einvörðungu.

Krafa um endurgjald fyrnist á tíu árum. Telst fyrningarfrestur frá þeim tíma er atvinnurekandinn hefur gefið til kynna að hann vilji öðlast uppfinninguna. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda eftir því sem við á.

Jafnvel þótt um annað hafi verið samið má breyta samningum um endurgjald að kröfu annars aðila síðar þegar aðstæður þær sem lágu til grundvallar hafa breyst verulega eða aðrar sérstakar aðstæður mæla með því. Á grundvelli 1. másl. skal þó aldrei endurgreiða fé sem starfsmaður hefur tekið við samkvæmt fyrri ákvörðun um endurgjald.

## 8. gr.

*Starfslok.*

Uppfinning sem 4. gr. tekur til telst hafa orðið til á starfstíma ef sótt er um einkaleyfi fyrir henni innan sex mánaða frá raunverulegum starfslokum nema líkur megi leiða að því að uppfinningin hafi orðið til eftir raunveruleg starfslok.

Ógilt er hvert það samkomulag milli atvinnurekanda og starfsmanns er takmarkar rétt starfsmannsins til að ráðstafa þeim uppfinningum sem verða til meira en ári eftir formleg starfslok.



## III. KAFLI

**Gildistaka.**

9. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. Lögin taka einungis til uppfinninga sem koma fram eftir gildistöku laganna. Ófrávíkjanleg ákvæði laganna skulu gilda gagnvart samningum sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna um uppfinningar sem koma fram eftir gildistöku þeirra, sbr. þó sérákvæði um ráðningu starfsmanna til að vinna að uppfinningum.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*

**LÖG**

**um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940,  
með síðari breytingum (rof á reynslulausn).**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „aðili“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 41. laganna kemur: maður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „aðili“ í 1. og 5. mgr. kemur: maður.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að kröfu ákæranda getur þó dómstóll úrskurðað að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar enda liggja fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur 6 ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. Við meðferð slíkrar kröfu skal dómari skipa honum verjanda að ósk hans og fara með málið eftir 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Heimilt er að kæra úrskurð dómara skv. 1. málsl. til Hæstaréttar og skal við meðferð kærumálsins farið eftir reglum XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar. Dómari skal víkja sæti eftir útgáfu ákæru ef hann hefur áður úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, skv. 1. málsl.

- c. Í stað orðsins „aðili“ tvívegis í 2. og 3. mgr. kemur: maður; og: hann.
- d. Í stað orðanna „sbr. 1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: sbr. 1.–3. mgr.
- e. Í stað orðsins „aðila“ í 4. mgr. kemur: mann.
- f. Í stað orðanna „sbr. 2. mgr.“ í 4. mgr. kemur: sbr. 2. og 3. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Björn Bjarnason.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990,  
um stjórnr fiskveiða, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „bolfiski“ í a-lið 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: botnfiski.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Bátar sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakörkunum skv. 6. gr. laganna skulu stunda veiðar með krókaafلامarki skv. 6. gr. b frá upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal úthluta hverjum báti sem varanlegar sóknarheimildir eru bundnar við 10. maí 2004 krókaafلامlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal krókaafلامlutdeild hvers báts fundin með tilliti til aflareynslu bátsins á öðru hvoru fiskveiðiárinu 2001/2002 eða 2002/2003, að vali útgerðar, á eftirfarandi hátt:

1. Viðmiðunaraflareynsla í þorski er fundin sem hlutdeild af meðalafла sóknardagabáta fiskveiðiárin 2000/2001, 2001/2002 og 2002/2003, miðað við óslægðan fisk. Hlutdeild bátsins í þorski reiknast sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003 sem hlutfall af heildaraflamagni allra sóknardagabátanna þannig fengið. Viðmiðunaraflareynsla í öðrum tegundum í krókaafلامarki er fundin sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003. Í engri tegund í krókaafلامarki skal viðmiðunaraflareynsla þó vera lægri en 100 kg miðað við óslægðan fisk.
2. Reiknigrunnur hvers báts til krókaafلامlutdeildar skal byggjast á viðmiðunaraflareynslu í þorski og ufsa þannig að til reiknigrunnisins teljast 91% af upp að 42,5 lesta viðmiðunaraflareynslu, miðað við óslægðan fisk, og 45% af því sem umfram er. Reiknigrunnurinn í þorski skal þó aldrei vera lægri en 15 lestir, miðað við óslægðan fisk. Fyrir aðrar tegundir í krókaafلامarki skal reiknigrunnurinn vera jafn aflareynslu. Taka skal tillit til áætlaðrar aflaukningar, allt að 20 lestum í þorski á hvern bát, miðað við óslægðan fisk, vegna aukningar afkastagetu sóknardagabáta vegna endurnýjunar þeirra á fiskveiðiárinu 2002/2003 eða á fiskveiðiárinu 2003/2004 fram til 28. maí 2004, enda hafi sóknargetan ekki nýst til myndunar aflareynslu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

3. Krókaafhlutdeild hvers báts er síðan reiknuð út frá reiknigrunni hans sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004. Hafi varanlegar sóknarheimildir á báti breyst þannig að sóknardagar eru fleiri eða færri á bátnum 10. maí 2004 en voru á bátnum á því ári sem lagt er til grundvallar við útreikning á aflareynslu hans, að teknu tilliti til skerðingar sóknardaga milli ára, skal krókaafhlutdeild bátsins hækkuð eða lækkuð hlutfallslega miðað við breytingu á sóknardagafjölda. Með sama hætti skerðist hlutfallslega krókaafhlutdeild báts sem úthlutað er aflahlutdeild miðað við 15 lesta reiknigrunnslágmark í hlutfalli við fækkun sóknardaga frá 1. september 2001 til 10. maí 2004. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og hvernig skuli fara með aflareynslu þegar eigin bátur hefur verið endurnýjaður. Þegar úthlutað hefur verið krókaafhlutdeild samkvæmt þessu ákvæði skal aflahlutdeild og krókaafhlutdeild annarra skipa endurreiknuð með tilliti til þeirra breytinga sem af þessari úthlutun leiðir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og ákvæði 6. gr. laganna skal gefa bátum, sem endurnýjaðir hafa verið á fiskveiðiárinu 2002/2003, kost á að stunda veiðar með 18 sóknardögum á fiskveiðiárinu 2004/2005 og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaafhlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2005/2006 samkvæmt reglum 1. mgr. Bátar sem endurnýjaðir hafa verið frá upphafi fiskveiðiársins 2003/2004 en fyrir 28. maí 2004 eiga kost á 18 sóknardögum fiskveiðiárin 2004/2005 og 2005/2006 hvort ár og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaafhlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2006/2007 samkvæmt reglum 1. mgr. Um nýtingu sóknardaga gilda að öðru leyti ákvæði 6. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. september 2004.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Árni M. Mathiesen.*

## LÖG

### um stofnun Landsnets hf.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003.

Iðnaðarráðherra annast undirbúning að stofnun Landsnets hf. og fer með framkvæmd laga þessara.

## 2. gr.

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum. Hlutafélaginu er þó heimilt að reka raforkumarkað. Stjórn Landsnets hf. skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

## 3. gr.

Ríkissjóður Íslands er eigandi alls hlutafjár í Landsneti hf. við stofnun þess. Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Landsneti hf. Stjórn Landsnets hf. skal skipuð þremur mönnum sem iðnaðarráðherra fær til starfans án tilnefningar.

## 4. gr.

Landsnet hf. skal frá 1. janúar 2005 annast rekstur þeirra flutningsvirkja er falla undir skilgreiningu 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Fram að þeim tíma skal það undirbúa reksturinn m.a. með því að koma fram gagnvart eigendum flutningsvirkja við mat á verðmæti slíkra eigna, sbr. ákvæði til bráðabirgða XI í sömu lögum.

Heimilt skal að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landsneti hf. þegar flutningsvirki skv. 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, hafa verið metin endanlegu mati og fyrir liggur hvort eigendur þeirra kjósa að leggja flutningsvirkin inn í Landsnet hf. sem hlutafé. Kaupendur hlutafjár geta einungis verið eigendur þeirra flutningsvirkja er falla undir 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

## 5. gr.

Í stofnyfirlýsingu Landsnets hf. skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

## 6. gr.

Um skattskyldu Landsnets hf. skal fara eins og um skattskyldu annarra orkufyrirtækja.

## 7. gr.

Stofna skal Landsnet hf. á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júní 2004. Á fundinum skal kjósa stjórn Landsnets hf. og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að lokaniðurstaða verðmats flutningsvirkja samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI í raforkulögum, nr. 65/2003, liggur fyrir. Fram að því tímamarki skal Landsnet hf. hafa það verkefni að undirbúa starfsemi sína.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Valgerður Sverrisdóttir.*

# LÖG

## um tónlistarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Hlutverk tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum í tónlistarsjóð. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, en markaðs- og kynningardeild veitir styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist og tónlistarmönnum hér á landi og erlendis.

Menntamálaráðherra úthlutar úr tónlistarsjóði að fengnum tillögum tónlistarráðs, sbr. 3. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði.

### 2. gr.

Menntamálaráðherra skipar tónlistarráð til þriggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrír fulltrúar. Samtónn tilnefnir einn, en tveir eru skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í tónlistarráð meira en tvö starfstímabil í röð.

### 3. gr.

Tónlistarráð gerir tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Við mat á umsóknum er tónlistarráði heimilt að leita umsagnar fagaðila.

Ráðið veitir umsögn um erindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni.

Þóknun fulltrúa í tónlistarráði og annar kostnaður við störf ráðsins greiðist úr tónlistarsjóði.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Á eftir orðunum „Nú er dótturfélag í eigu samvinnufélags“ í 5. mgr. 55. gr. laganna kemur: eða sparisjóðs.

### 2. gr.

Við 5. mgr. 103. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sömuleiðis er lögreglu skylt að færa aðila til skýrslugjafar hjá skattransóknarstjóra ríkisins ef hann hefur að forfallalausum ekki sinnt kvaðningu þess efnis.

### 3. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fjárhæðir í ákvæðum A- og B-liðar 68. gr., 77. gr., 82. gr. og 83. gr. laganna, sem breytt var með lögum nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á árinu 2003 og við ákvörðun bóta á árinu 2004. Enn fremur kemur ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á árinu 2003.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. mgr. 14. gr. laganna bætast orðin: sbr. þó 4. mgr. 60. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hver sá sem fær úrskurð stjórnvalds um meðlag með barni sem hann hefur á framfæri sínu, eða um aðrar greiðslur skv. IX. kafla barnalaga, nr. 76/2003, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið fyrirframgreiðslu meðlags eða annarra framfærsluframlaga samkvæmt úrskurðinum. Sama skal gilda þegar lagt er fram staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur og aðrar greiðslur skv. IX. kafla barnalaga. Fyrirframgreiðsla meðlags frá Tryggingastofnun skal ávallt vera innan þeirra marka sem 14. gr. laga þessara setur um fjárhæð greiðslna og aldur barna.

b. 6. mgr. orðast svo:

Heimilt er að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar þar sem m.a. er kveðið á um fyrirframgreiðslu meðlags þegar foreldri eða börn eru búsett erlendis og um hámarksgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi.

3. gr.

Við 60. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þegar svo háttar til að Tryggingastofnun hefur milligöngu um meðlagsgreiðslur með barni skv. 1. mgr. 59. gr. og hið meðlagsskylda foreldri öðlast rétt til barnalífeyris skv. 14. gr. vegna barnsins er stofnuninni þó heimilt að láta greiðslu barnalífeyris ganga til fyrirframgreiðslu meðlags vegna sama tímabils. Verður þá ekki um kröfu á hendur meðlagsskyldum aðila að ræða fyrir það tímabil.

4. gr.

Við 64. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Í samningum skv. 1. mgr. er enn fremur heimilt að semja um fyrirframgreiðslu meðlags milli samningsríkja, sbr. 59. gr., eins og um bætur almannatrygginga væri að ræða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Jón Kristjánsson.*

## LÖG

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna,  
nr. 64/1965, með síðari breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Orðin „Rannsóknastofnun landbúnaðarins“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands skulu stundaðar rannsóknir í þágu landbúnaðarins á sérstöku rannsóknasviði er hafi aðgreindan fjárhag frá annarri starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands.

## 2. gr.

V. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands**, verður svohljóðandi:

## a. (29. gr.)

Við Landbúnaðarháskóla Íslands skal starfrækt sérstakt rannsóknasvið þar sem stundaðar skulu rannsóknir í þágu landbúnaðarins eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999.

## b. (30. gr.)

Hlutverk rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands er að afla og miðla þekkingu um fjölbætt hlutverk landbúnaðar sem byggist á íslenskri náttúru og menningararfleifð. Meðal verkefna sviðsins eru rannsóknir er lúta að meðferð, ræktun og nýtingu lands, búfjár og ferskvatnsdýra til framleiðslu matvæla og annarrar atvinnu- og verðmætasköpunar, sem og rannsóknir er lúta að sjálfbærri og fjölbættri landnýtingu og umhverfismótun.

## c. (31. gr.)

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem áður tilheyrðu Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi.

Landbúnaðarháskóla Íslands er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að eiga aðild að og stofna rannsóknar- og þróunarfyrirtæki í hlutafélagaformi eða félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

## 3. gr.

Orðin „Eignir búnaðardeildar skulu falla til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins“ í 57. gr. laganna falla brott.



## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. Við gildistöku laga þessara tekur Landbúnaðarháskóli Íslands við öllum eignum og skuldum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

## 5. gr.

*Breytingar á öðrum lögum.*

1. Í stað orðanna „Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri“ í 1. mgr. 16. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, kemur: Landbúnaðarháskóla Íslands, sem tilnefnir tvo menn.
2. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins:
  - a. Í stað orðanna „Bændaskólans á Hvanneyri“ í 2. mgr. 1. gr., 1. mgr. 3. gr. og í 11. gr. laganna kemur: Landbúnaðarháskóla Íslands.
  - b. 6. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Að hafa samstarf við Landbúnaðarháskóla Íslands um kennslu í landbúnaðarhagfræði.
3. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 29/1981, um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti:
  - a. Við 3. gr. laganna bætist: og lögum nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, ásamt síðari breytingum.
  - b. Í stað orðanna „Rannsóknastofnun landbúnaðarins“ og „Rannsóknastofnunar landbúnaðarins“ í 5. gr. laganna kemur: Landbúnaðarháskóla Íslands.
  - c. Í stað orðanna „forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins“ í 6. gr. laganna kemur: einn maður tilnefndur af Landbúnaðarháskóla Íslands.
  - d. Heiti laganna verður: **Lög um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands að Stóra-Ármóti.**

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Guðni Ágústsson.*

# ÁBÚÐARLÖG

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

### Gildissvið, skilgreiningar og yfirstjórn.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Lög þessi gilda um ábúð á jörðum og jarðahlutum en ekki um leigu á landi eða öðrum fasteignum nema sérstaklega sé samið um það.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

*Ábúandi* merkir í lögum þessum einstakling sem hefur afnotarétt af jörð með réttindum og skyldum samkvæmt lögum þessum.

*Ábúð* merkir í lögum þessum afnotarétt af jörð eða jarðahluta til búrekstrar eða annars atvinnurekstrar á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt lögum þessum.

*Erfðaábúð* merkir í lögum þessum ábúð sem gengur í erfðir.

*Fardagar* eru í lögum þessum fjórir og hefjast þegar sex vikur eru af sumri. Fimmtudagur í sjöundu viku sumars er fyrstur þeirra en sunnudagur seinastur.

*Greiðslumark* merkir í lögum þessum tiltekinn fjöldi ærgilda eða magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslna úr ríkissjóði.

*Jarðefni* merkja í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

*Jarðhiti* merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

*Jörð* merkir í lögum þessum land með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum ef um er að ræða jörð eða hjáleigu sem hefur sameiginlegt beutiland með annarri jörð eða jörðum. Það gildir þó ekki um lóðir fyrir sumarbústaði án tillits til þess hvort þær eru í skipulögðu sumarbústaðahverfi og ekki heldur um landspildur á svæðum sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað.

*Landbúnaður* merkir í lögum þessum hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi.

*Lífstíðarábúð* merkir í lögum þessum ævilanga ábúð.

*Mannvirki* merkja í lögum þessum hvers konar byggingar og fylgifé þeirra sem er varanlega skeytt við land.

*Ræktun* eða *ræktað land* merkir í lögum þessum land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.

*Vatnsréttindi* merkja í lögum þessum rétt til að nytja grunnvatn, vatnsfall eða stöðuvatn.

Rísi ágreiningur um skilgreiningu einstakra hugtaka samkvæmt lögum þessum sker landbúnaðarráðherra úr.

3. gr.

*Yfirstjórn.*

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi gilda um.

II. KAFLI

**Bygging jarða.**

4. gr.

*Ábúendur.*

Ábúendur samkvæmt lögum þessum geta verið einstaklingar.

5. gr.

*Ábúðartími.*

Jörð skal byggja, sé ekki um annað samið, frá fardögum til fardaga til fimm ára í senn hið skemmsta og getur ábúðartími verið tímabundinn, til lífstíðar eða gengið í erfðir (erfðaábúð).

6. gr.

*Jarðarafgjald.*

Jarðareigandi og ábúandi skulu semja um fjárhæð jarðarafgjalds, gjalddaga, greiðslustað og hvort og hvaða tryggingu ábúandi skuli setja fyrir greiðslu þess, svo og aðra skilmála sé það ekki ákveðið á annan hátt með lögum.

7. gr.

*Ástand jarðar, mannvirkja o.fl.*

Jörð með ræktun og mannvirkjum skal afhent ábúanda í því ástandi sem hún er við upphaf ábúðar nema um annað sé samið og skal þess getið í byggingarbréfi, sbr. 8. gr.

Við upphaf ábúðar skal liggja fyrir úttekt úttektarmanna skv. 39. gr. um ástand jarðar, ræktunar og mannvirkja og annað er máli skiptir gerð á síðustu sex mánuðum. Jarðareigandi greiðir kostnað af slíkri úttekt.

8. gr.

*Byggingarbréf.*

Jarðareigandi og ábúandi skulu gera skriflegan samning um ábúð sem nefnist byggingarbréf. Í byggingarbréfi skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila, ræktun, mannvirki, hlunnindi, greiðslumark, ábúðartíma, upphaf og lok ábúðar, fjárhæð, gjalddaga og greiðslustað jarðarafgjalds, hvort ábúandi skuli setja tryggingu fyrir greiðslu jarðarafgjalds og í hvaða formi, aðra ábúðarskilmála, landamerki jarðar, ítök sem jörðin kann að eiga í öðru landi og á afréttum, kvaðir sem kunna að hvíla á jörðinni svo og upplýsingar um starfsemi ábúanda á jörðinni. Þá skal semja um við hvaða dagsetningu miða skal yfirfærslur greiðslna sem fylgja lögbýli. Einnig skulu koma fram í byggingarbréfi upplýsingar

um ástand ræktunar og mannvirkja eða tilvísun til slíkra upplýsinga í úttekt. Gera skal þrjú samhljóða frumrit af byggingarbréfi sem jarðareigandi og ábúandi rita nöfn sín undir í viðurvist tveggja vitundarvotta. Heldur jarðareigandi einu eintaki en ábúandi tveimur sem hann skal þinglýsa.

Jarðeigendur skulu tilkynna Hagþjónustu landbúnaðarins um nýja ábúðarsamninga.

9. gr.

*Vanræksla á gerð byggingarbréfs.*

Hafi aðilar vanrækt að gera byggingarbréf teljast þeir hafa gert ótímabundinn samning um ábúð og gilda öll ákvæði þessara laga um réttarsamband þeirra. Fjárhæð jarðarafgjalds skal miða við þá fjárhæð sem jarðareigandi getur sýnt fram á að ábúandi hafi samþykkt að greiða. Slíkir samningar eru uppsegjanlegir skv. 35. gr.

III. KAFLI

**Réttindi og skyldur ábúanda og jarðareiganda.**

10. gr.

*Leiguliðaafnot ábúanda.*

Ábúandi skal hafa öll leiguliðaafnot ábúðarjarðar sinnar. Það eru leiguliðaafnot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja sem jörðin sjálf gefur af sér án þess að hún eða sá hluti hennar sem afraksturinn gefur rýrni eða eyðileggist við notkunina. Til leiguliðaafnota telst ræktun og öll mannvirki svo og greiðslumark og hlunnindi er jörðinni fylgja nema um annað hafi verið samið, sbr. þó 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða I.

11. gr.

*Réttindi undanskilin leiguliðaafnotum.*

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatns- og jarðhitaréttindi, þ.m.t. jarðhiti, námur, bygg-ingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni sem ekki geta talist til venjulegra leiguliðaafnota af jörð, einnig land til nauðsynlegra bygginga svo að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Ábúandi á þó rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á mannvirkjum jarðar, þ.m.t. gróðurhúsum til eigin atvinnurekstrar. Enn fremur hefur ábúandi rétt til sölu rafmagns inn á viðkomandi dreifikerfi, allt að 2 MW. Þá á ábúandi rétt á byggingarefni til búsparfa. Ábúandi sem verður fyrir tjóni á eignum sínum vegna hagnýtingar annarra aðila á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning sem leiðir af virkjun vatns, nýtingu jarðhita eða öðrum framkvæmdum.

Jarðareigandi og ábúandi geta samið um víðtækari afnot af réttindum skv. 1. mgr. enda séu slíkir samningar í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma.

12. gr.

*Lögheimili ábúanda, landbúnaðarstarfsemi o.fl.*

Skylt er ábúanda að hafa fasta búsetu á ábúðarjörð sinni. Honum er skylt að stunda þar landbúnað nema sveitarstjórn og jarðareigandi samþykki annað.

13. gr.

*Breytingar eða lok landbúnaðarstarfsemi ábúanda.*

Ef ábúandi óskar eftir að gera breytingar á landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð sinni skal hann leita eftir skriflegu leyfi jarðareiganda. Ef jarðareigandi hefur ekki svarað innan þriggja

mánaða telst hann hafa samþykkt breytingarnar. Sömu reglur gilda ef ábúandi vill hætta landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð sinni.

14. gr.

*Endurbætur ábúanda á mannvirkjum o.fl.*

Ef ábúandi óskar eftir að gera endurbætur á mannvirkjum ábúðarjarðar eða byggja ný mannvirki skal hann leita skriflegs leyfis jarðareiganda og skal þar tekið fram hvort jarðareigandi samþykki að kaupa þær framkvæmdir af ábúanda við ábúðarlok. Ef mannvirki á ábúðarjörð fullnægja ekki kröfum laga og stjórnvaldsreglna um landbúnaðarstarfsemi ábúanda samkvæmt byggingarbréfi aðila er jarðareiganda skylt að veita leyfi til framkvæmda og samþykkja kaupskyldu við ábúðarlok. Þó getur jarðareigandi lagst gegn breytingum sem hafa í för með sér mikla áhættu eða tilkostnað.

15. gr.

*Veðsetning.*

Ábúanda er heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína til tryggingar lánnum sem hann tekur til varanlegra framkvæmda og annarra endurbóta á jörðinni. Einnig er ábúanda heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína til tryggingar lánnum sem hann tekur til kaupa á bústofni og búvélum sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar á búinu.

Heimildir ábúanda til veðsetningar á ábúðarjörð sinni eru bundnar því skilyrði að heildarskuldir ábúanda sem tryggðar eru með veði í jörðinni nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til eignarhluta hans í ræktun og mannvirkjum á jörðinni.

Jarðareigandi og ábúandi geta samið um víðtækari heimildir til veðsetningar.

16. gr.

*Greiðsla jarðarafgjalda.*

Ábúandi skal greiða jarðarafgjöld á gjalddaga. Hafi ábúandi ekki gert skil á jarðarafgjaldi innan 30 sólarhringa frá gjalddaga er jarðareiganda heimilt að krefjast dráttarvaxta samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

17. gr.

*Viðhaldsskylda o.fl.*

Ábúanda er skylt að halda við húsum, öðrum mannvirkjum, ræktun og hlunnindum þannig að þau rýrni ekki umfram eðlilega fyrningu að mati úttektarmanna, sbr. 39. gr., eða yfirmatsnefndar, sbr. 44. gr., og greiða annan rekstrarkostnað af jörðinni.

18. gr.

*Skattar o.fl.*

Ábúandi skal greiða skatta og skyldur sem lög ákveða og tengjast notum hans af jörðinni jarðareiganda að kostnaðarlausu nema um annað sé samið. Ábúandi skal einnig greiða annan rekstrarkostnað af jörðinni nema um annað sé samið.

19. gr.

*Brunatryggingar.*

Öll mannvirki á jörðum í ábúð skulu váttryggð lögboðinni brunatryggingu samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma og skal ábúandi greiða af því kostnað nema um annað sé samið.

## 20. gr.

*Framsal eða veðsetning ábúðarréttar.*

Ábúanda er óheimilt að framselja, veðsetja eða láta af hendi ábúðarrétt sinn að hluta eða að öllu leyti nema með skriflegu leyfi jarðareiganda sem skal þinglýsa. Ábúanda er þó heimilt að leyfa not landsnytja til beitar og slægna án leyfis jarðareiganda. Slík ráðstöfun af hálfu ábúanda gildir aðeins í eitt ár í einu.

## 21. gr.

*Opinber framlög og styrkir.*

Framlög og styrkir greiddir af opinberum aðilum til ræktunar eða annarra framkvæmda á jörð sem er í ábúð tilheyrja jörðinni og verða eign jarðareiganda og skal draga frá eignum og endurbótum ábúanda við ábúðarlok.

## 22. gr.

*Skylda ábúanda til að láta af hendi land undir skipulag o.fl.*

Ábúanda er skylt vegna skipulags að láta af hendi land undir opinberar byggingar og atvinnurekstur eða framkvæmdir sem nauðsynlegt þykir að gera í landi jarðarinnar án annars endurgjalds en hlutfallslegrar lækkunar á jarðarafgjaldi. Náist ekki samkomulag um lækkun jarðarafgjalds skulu dómkvaddir matsmenn skera úr. Ef tjón verður á eignum ábúanda skal jarðareigandi eða þeir aðilar sem öðlast rétt yfir landinu á grundvelli þessa ákvæðis greiða ábúanda bætur samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna. Kostnað við undirmat greiðir jarðareigandi eða þeir aðilar sem taka við landinu en kostnað við yfirmat greiða þessir aðilar að ábúandi að jöfnu.

## 23. gr.

*Heimild jarðareiganda til að taka úr ábúð landspildur, lóðir o.fl.*

Jarðareiganda er heimilt að taka úr ábúð landspildur eða lóðir til eigin þarfa og vegna þarfa niðja sinna nema jarðareigandi hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi. Einnig er jarðareiganda heimilt að taka úr ábúð og leigja lóðir undir hús og land til atvinnustarfsemi og spildur til ræktunar í landi jarðar sem er í ábúð enda valdi það ábúanda ekki verulegu tjóni og takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar eða búrekstrar með öðrum hætti á jörðinni að mati dómkvaddra matsmanna. Ef tjón verður á eignum ábúanda skal jarðareigandi greiða ábúanda bætur samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna. Kostnað við undirmat greiðir jarðareigandi en kostnað við yfirmat greiða aðilar að jöfnu.

## 24. gr.

*Aðgangur jarðareiganda að jörð, mannvirkjum o.fl.*

Jarðareigandi skal eiga aðgang að jörð sem er í ábúð og mannvirkjum hennar með hæfilegum fyrirvara í samráði við ábúanda til að framkvæma úrbætur og til eftirlits með ástandi og meðferð jarðarinnar. Jarðareiganda er þó aldrei heimill aðgangur að jörðinni og mannvirkjum hennar þegar ábúandi er þar ekki viðstaddur nema að fengnu samþykki ábúanda.

## 25. gr.

*Réttur maka við andlát ábúanda.*

Falli ábúandi frá á ábúðartímanum heldur maki hans ábúðarréttinum.

## 26. gr.

*Réttur til ábúðar við skilnað hjóna.*

Ef hjón, annað eða bæði, hafa ábúðarrétt á jörð og hjúskap þeirra lýkur skal fara um ábúðarréttindin í samræmi við ákvæði hjúskaparlaga, nr. 31/1993, ef hjónin koma sér ekki saman um hvort þeirra skuli hljóta ábúðarréttindin. Það hjóna sem aðallega hefur atvinnu sína af landbúnaðarstarfsemi á jörðinni skal hafa forgang til áframhaldandi ábúðar á jörðinni án tillits til þess hvort þeirra undirritaði byggingarbréf.

## 27. gr.

*Réttur sambúðarfólks.*

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk ef sambúðin er skráð hjá Hagstofu Íslands, ef það á sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur varað í a.m.k. eitt ár eða ef það hefur átt barn saman eða á von á barni.

## 28. gr.

*Skriflegar tilkynningar.*

Ef jarðareigandi eða ábúandi þarf að senda skriflegar tilkynningar, hverju nafni sem nefnast í lögum þessum, sem koma þarf til viðtakanda innan ákveðins frests eða tímamarks teljast tilkynningarnar komnar til viðtakanda ef þær eru sendar af stað með sannanlegum hætti innan þess tímamarks.

## 29. gr.

*Önnur atriði.*

Óheimilt er að semja um að ábúandi taki á sig meiri skyldur eða öðlist minni réttindi en lög þessi mæla fyrir um.

Um réttindi og skyldur ábúanda og jarðareiganda fer að öðru leyti eftir gildandi lögum og stjórnvaldsreglum á hverjum tíma, svo og byggingarbréfi aðila og öðrum samningum.

## IV. KAFLI

**Erfðaábúð.**

## 30. gr.

*Ríkisjarðir.*

Ríkisjörðum skal ekki ráðstafað með samningum um erfðaábúð eftir gildistöku þessara laga. Ábúendur sem öðlast hafa erfðaábúð fyrir gildistöku þessara laga skulu halda þeim réttindum en um réttarstöðu þeirra fer áfram eftir ákvæðum þessa kafla og öðrum ákvæðum þessara laga eftir því sem við á.

## 31. gr.

*Úttektir við ættilðaskipti.*

Þegar ábúendaskipti verða á milli ættilða á jörð sem er í erfðaábúð skulu úttektarmenn tilkvaddir ásamt jarðareiganda og jörðin tekin út. Úttektargerðin skal bera með sér:

1. Eign jarðareiganda í ræktun, húsum og öðrum mannvirkjum sem fráfarandi ábúandi hefur tekið við ásamt eign jarðareiganda í húsum og öðrum mannvirkjum vegna fjárframlags hans í tíð fráfarandi ábúanda.
2. Eign ættarinnar sem fráfarandi ábúandi tók við í ræktun, húsum og öðrum mannvirkjum á jörðinni og auk þess það sem fráfarandi ábúandi leggur fram sem eignarauka. Að öðru leyti fer um úttekt þessa eftir almennum reglum.

## 32. gr.

*Réttur til erfðaábúðar.*

Réttur til ábúðar á jörðum samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. hús og mannvirki á jörðinni sem viðkomandi ætt á, erfist sem hér segir:

1. Það hjóna sem lengur lifir heldur réttindum meðan það lifir.
2. Erfðaréttur erfist til barns þess hjóna sem erfðaábúðarréttindin stofnaði eða erfði og til barna þeirra og kjörbarna.
3. Foreldrar koma sér saman um hvert af börnum þeirra skal erfa ábúðarréttinn og skulu tilkynna það sýslumanni ekki síðar en þegar erfðaábúandi er fullra 60 ára.
4. Ef hjón verða ekki ásátt um hvert barna þeirra skuli hljóta réttinn skulu börnin eða forsjármenn þeirra leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.
5. Náist ekki samkomulag skv. 3.–4. tölul. skal elsta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum hafa börnin hann eftir aldri.
6. Ef erfingi erfðaábúðar hefur ekki náð lögaldri þegar ábúendaskipti verða skal sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.
7. Óski ekkert barnanna að nota erfðaréttinn og nytja jörðina áfram er foreldrum heimilt að ánafna hana fösturbarni.
8. Ef erfingi ábúðarréttar deyr barnlaus innan tíu ára frá því að hann tók við ábúð, enda eigi hann ekki kjörbarn, hefur næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.
9. Ef engar tillögur eða óskir liggja fyrir frá fráfarandi ábúanda um ráðstöfun jarðarinnar skal henni ráðstafað að tillögu sveitarstjórnar.

## 33. gr.

*Önnur atriði.*

Að öðru leyti en fram kemur í þessum kafla gilda önnur ákvæði þessara laga um erfðaábúð eftir því sem við á.

## V. KAFLI

**Ábúðarlok.**

## 34. gr.

*Tímabundinn ábúðarsamningur.*

Tímabundnum samningi um ábúð lýkur á umsömdum tíma án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila. Heimilt er jarðareiganda og ábúanda að semja um að segja megi slíkum samningi upp án sérstakra aðstæðna, atvika eða forsendna. Slík uppsögn skal vera skrifleg og fara fram fyrir 1. desember miðað við ábúðarlok 1. júní eða fyrir 1. apríl miðað við ábúðarlok 1. október nema jarðareigandi og ábúandi hafi samið um annað tímamark.

Ef ábúandi deyr áður en tímabundnum ábúðarsamningi lýkur skal dánarbú hans segja upp ábúðarsamningnum. Slík uppsögn skal fara fram fyrir áramót og taka gildi í næstu fardögum nema um annað sé samið.

## 35. gr.

*Ótímabundinn ábúðarsamningur.*

Ótímabundinn samningur um ábúð er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsögn skal fara fram fyrir áramót og taka gildi í næstu fardögum nema um annað sé samið.



## 36. gr.

*Lífstíðarábúð.*

Ábúanda er heimilt að segja upp samningi um lífstíðarábúð.

Ábúandi sem óskar eftir að segja upp samningi um lífstíðarábúð skv. 1. mgr. skal gera það með sannanlegum hætti fyrir áramót miðað við næstu fardaga nema jarðareigandi og ábúandi hafi samið um annað tímamark.

## 37. gr.

*Vanefndir ábúanda.*

Ef ábúandi vanefnir verulega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða samningi um tímabundna ábúð, lífstíðarábúð eða erfðaábúð er jarðareiganda heimilt að segja upp samningi um ábúð. Sé uppsögn byggð á að ábúandi hafi vanrækt skyldu til viðhalds á jörðinni, ræktun, mannvirkjum og öðru er henni fylgir skal leita umsagnar úttektarmanna, sbr. 39. gr.

Uppsögn jarðareiganda á ábúðarsamningi vegna vanefnda á skyldum ábúanda skal fara fram með sex mánaða fyrirvara nema um annað hafi verið samið. Uppsögn skal vera skrifleg og skulu þar tilgreindar ástæður uppsagnar.

Ábúandi skal bæta jarðareiganda það tjón sem leiðir af vanefndum hans.

## 38. gr.

*Kaupskylda jarðareiganda á eignum og endurbótum ábúanda.*

Jarðareiganda er skylt að kaupa af ábúanda við ábúðarlok mannvirki og aðrar framkvæmdir eða umbætur á jörð sem jarðareigandi hefur heimilað ábúanda að reisa og samþykkt skriflega að kaupa við ábúðarlok svo og framkvæmdir sem ábúanda er heimilt að gera skv. 2. másl. 14. gr. Einnig er jarðareiganda skylt að kaupa ræktun af ábúanda. Náist ekki samkomulag skal kaupverð ákveðið af úttektarmönnum, sbr. 39. gr., eða yfirmatsnefnd, sbr. 44. gr.

Þá skal jarðareigandi endurgreiða framlög ábúanda til skógræktar á ábúðarjörðinni sem jarðareigandi hefur samþykkt og ekki hafa verið greidd úr ríkissjóði að viðbætti verðtryggingu miðað við byggingarvísitölu.

## 39. gr.

*Úttektarmenn.*

Landbúnaðarráðherra skipar tvo úttektarmenn fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn til að framkvæma úttektir á jörðum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Skipa skal annan úttektarmanninn án tilnefningar en hinn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

## 40. gr.

*Úttekt.*

Úttektarmenn skulu byrja úttekt eigi síðar en fjórum vikum eftir að beiðni um úttekt berst nema sérstakar aðstæður standi í vegi fyrir því.

Úttektarmenn skulu tilkynna jarðareiganda og fráfarandi ábúanda skriflega með nægum fyrirvara um hvenær úttekt fer fram og gefa þeim kost á að vera viðstaddir og gæta réttar síns að öðru leyti. Einnig skulu úttektarmenn gefa jarðareiganda og ábúanda kost á að skila skriflegum greinargerðum.

Úttektarmenn skulu framkvæma ítarlega skoðun á vettvangi og rita lýsingu á ástandi jarðar, ræktunar og mannvirkja jarðareiganda og fráfarandi ábúanda. Í ástands lýsingu skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um stærð ræktunar og mannvirkja jarðareiganda og fráfarandi ábúanda, skemmdir á mannvirkjum sem kunna að hafa orðið af völdum ábúanda, hvernig húsum hefur verið viðhaldið og annað eftir því sem þurfa þykir. Einnig skulu úttektarmenn rita allar upplýsingar um kosti jarðarinnar, nýtingu, nýtingarmöguleika hennar og hvernig jörð hefur verið setin. Úttektarmenn skulu undirrita lýsinguna.

#### 41. gr.

##### *Mat á eignum og endurbótum ábúanda.*

Úttektarmenn skulu meta eignir og endurbætur fráfarandi ábúanda sem jarðareiganda er skylt að kaupa, sbr. 38. gr.

Við mat á eignum og endurbótum skulu úttektarmenn leggja til grundvallar efnisleg verðmæti eigna. Mat skal vera nývirði eigna að frádregnum eðlilegum afskriftum reiknað til staðgreiðslu. Nývirði er kostnaður sem því mundi fylgja á matsdegi að reisa nýja eign sem komið gæti að öllu leyti í stað hinnar metnu. Afskriftir eru verðyrnun eigna sem rekja má til aldurs, hrörnunar, slits, úreldingar og minnkaðs notagildis.

Við mat á eignum og endurbótum skal leggja til grundvallar ástand og viðhald eigna að teknu tilliti til aldurs þeirra og eðlilegs slits af notkun.

Úttektarmenn skulu leggja mat á afleiðingar þess ef viðhald eigna hefur verið ófullnægjandi. Einnig skulu úttektarmenn meta galla eða slit vegna óeðlilegrar notkunar eigna. Þá skulu úttektarmenn meta kostnað við hreinsun og annan frágang ef viðskilnaður ábúanda er ekki í samræmi við 46. gr.

Framlög ábúanda til skógræktar skal meta miðað við þær fjárhæðir sem ábúandi hefur innt af hendi til efniskaupa að viðbættri verðtryggingu samkvæmt byggingarvísitölu.

#### 42. gr.

##### *Niðurstöður úttektar.*

Úttektarmenn skulu skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og staðfesta úttektir með undirritun sinni eigi síðar en sex vikum eftir að vettvangsskoðun lauk nema óviðráðanlegar ástæður standi í vegi fyrir því. Tilkynna skal málsaðilum slíka töf og ástæður fyrir henni.

#### 43. gr.

##### *Kostnaður.*

Kostnaður við úttektir við ábúðarlok greiðist að jöfnu af jarðareiganda og fráfarandi ábúanda. Ef óskað er eftir úttekt af öðrum ástæðum skal sá sem óskar eftir úttekt greiða af því kostnað.

#### 44. gr.

##### *Yfirmat.*

Jarðareigandi og fráfarandi ábúandi geta krafist yfirmats á eignum fráfarandi ábúanda samkvæmt lögum þessum innan 15 daga frá dagsetningu úttektar skv. 42. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í yfirmatsnefnd fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og einn sam-

kvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Um störf yfirmatsnefndar gilda ákvæði 40.–41. gr.

Yfirmatsnefnd skal að lokinni vettvangsskoðun komast að niðurstöðu á fundum. Ef ágreiningur verður ræður afl atkvæða úrslitum.

Yfirmatsnefnd skal skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og skulu allir nefndarmenn staðfesta matsgerðir með undirritun sinni. Yfirmatsnefnd skal skila niðurstöðum sínum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

Yfirmatsnefnd úrskurðar um hvernig kostnaður við yfirmat greiðist en þó skal kærandi alltaf greiða að lágmarki helming þess kostnaðar.

45. gr.

*Greiðsla kaupverðs, greiðsluskilmálar o.fl.*

Ef jarðareigandi og ábúandi ná ekki samkomulagi um greiðsluskilmála kaupverðs skal jarðareigandi greiða helming kaupverðsins á næstu níu mánuðum eftir ábúðarlok. Eftirstöðvar kaupverðsins skal jarðareigandi greiða með skuldabréfi til að hámarki tveggja ára. Fjárhæð skuldabréfsins skal verðtryggð samkvæmt byggingarvísitölu miðað við grunnvísitölu við ábúðarlok til greiðsludags og bera vexti samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

46. gr.

*Frágangur og skil ábúðarjarðar, mannvirkja o.fl.*

Á umsömdum eða lögbundnum tíma við ábúðarlok skal ábúandi skila ábúðarjörð sinni, ásamt öllum mannvirkjum og tilheyrandi fylgifé, í ekki lakara ástandi en hann tók við henni að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar og viðhalds. Ábúandi skal hafa rýmt og hreinsað öll mannvirki og flutt bústofn sinn, vélar, tæki og allt sem er hans eign á jörðinni í burtu eða gert aðrar viðeigandi ráðstafanir til að rýma og skila jörðinni.

47. gr.

*Aflýsing byggingarbréfs.*

Ábúandi skal aflýsa þinglýstu byggingarbréfi innan viku frá ábúðarlokum. Eftir þann tíma skal byggingarbréfi aflýst að kröfu jarðareiganda.

## VI. KAFLI

### **Lokaákvæði.**

48. gr.

*Reglugerðir o.fl.*

Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum.

49. gr.

*Refsingar.*

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum settum samkvæmt heimild í þeim varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

50. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Samningar um ábúð sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga skulu halda gildi sínu. Ef jarðareigandi hefur á grundvelli heimildar í ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum, eða eldri lögum um sama efni fyrir gildistöku þessara laga tekið ákvörðun um aðra nýtingu jarðar, hlunninda eða ítaka sem jörð kann að eiga í öðrum jörðum en lög þessi gera ráð fyrir skulu þær ákvarðanir halda gildi sínu eftir gildistöku þessara laga án tillits til þess hvort þær veita ábúanda meiri eða minni rétt en lög þessi gera ráð fyrir. Sama gildir ef jarðareigandi og ábúandi hafa fyrir gildistöku þessara laga samið um aðra nýtingu jarðar, hlunninda eða ítaka sem jörð kann að eiga í öðrum jörðum. Að öðru leyti fer um réttarsamband jarðeigenda og ábúenda samkvæmt þessum lögum eftir 1. júlí 2004.

#### II.

Um kaupskyldu jarðareiganda á ræktun, mannvirkjum og öðrum endurbótum eða framkvæmdum fráfarandi ábúanda sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga með heimild í ákvæðum ábúðarlaga, nr. 64/1976, með síðari breytingum, fer eftir svohljóðandi reglum:

- a. Nú á fráfarandi ábúandi mannvirki, hlut í mannvirkjum eða umbætur á jörð og er því til frambúðar haganlega fyrir komið og nauðsynlegt til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá jarðareiganda skylt að kaupa þær eignir fráfarandi ábúanda á því verði er úttektarmenn meta enda séu þá hús jarðarinnar og önnur mannvirki ekki meiri og dýrari en svo að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgangi að mati úttektarmanna. Séu mannvirki ekki nauðsynleg vegna almenns búrekstrar skal taka tillit til þess við mat þeirra og þau metin lægra verði en hin bráðnauðsynlegu jarðarhús. Jarðareiganda er einnig skylt að kaupa ræktun sem fráfarandi ábúandi hefur látið gera.
- b. Þau mannvirki sem ekki teljast nauðsynleg til búrekstrar og unnt er að flytja er jarðareiganda ekki skylt að kaupa af fráfarandi ábúanda. Verði ekki samkomulag um kaup á þeim hefur fráfarandi ábúandi rétt til að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og er skylt að sjá um að þau verði rifin ef viðtakandi krefst þess á þann hátt að viðtakanda sé sem minnst mein að.
- c. Ábúandi getur þó krafist þess að um kaupskyldu á eignum og endurbótum sínum fari samkvæmt ákvæði 38. gr. þessara laga.

Framangreindar reglur gilda aðeins við ábúðarlok þeirra ábúenda sem hafa ábúð á jörð við gildistöku þessara laga.

Um mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir V. kafla þessara laga.

#### III.

Ábúendur sem hafa öðlast lífstíðarábúð á grundvelli 6. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, með síðari breytingum, skulu halda þeim réttindum.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Guðni Ágústsson.*

# JARÐALÖG

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

### Markmið, skilgreiningar, gildissvið og yfirstjórn.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið þessara laga er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölbætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

*Afréttur* merkir í lögum þessum landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé.

*Almenningur* merkir í lögum þessum landsvæði sem enginn aðili getur talið til einkaeignarréttar yfir.

*Ábúandi* merkir í lögum þessum einstakling sem hefur afnotarétt af jörð eða jarðarhluta með réttindum og skyldum samkvæmt ábúðarlögum.

*Ábúð* merkir í lögum þessum afnotarétt af jörðum eða jarðahlutum til búrekstrar eða annars atvinnurekstrar á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt ábúðarlögum.

*Eignarland* merkir í lögum þessum landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eignandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

*Eyðijörð* merkir í lögum þessum jörð sem ekki hefur verið setin í fimm ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðeigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð.

*Fasteign* merkir í lögum þessum afmarkaðan hluta lands ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega er við landið skeytt.

*Félagsbú* merkir í lögum þessum bú þar sem tveir eða fleiri einstaklingar gera með sér samning um að standa sameiginlega að búrekstri á einu eða fleiri lögbýlum, enda hafi aðilar félagsbúsins meiri hluta tekna sinna af rekstri félagsbúsins og séu allir búsettir á viðkomandi lögbýli/lögbýlum.

*Greiðslumark* merkir í lögum þessum tiltekinn fjöldi ærgilda eða magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslna úr ríkissjóði.

*Hlunnindi* merkja í lögum þessum hvers konar auðlindir, nytjar aðrar en grasnytjar, lífræn og ólífræn efni og efnasambönd, villt dýr, plöntur, annað lífríki og önnur nýtanleg réttindi sem fylgja jörð.

*Ítak* merkir í lögum þessum takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.

*Jarðefni* merkja í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

*Jarðhiti* merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

*Jörð* merkir í lögum þessum land með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum ef um er að ræða jörð eða hjáleigu sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Það gildir þó ekki um lóðir undir sumarbústaði án tillits til þess hvort þær eru í skipulögðu sumarbústaðahverfi og heldur ekki landspildur á svæðum sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað.

*Landbúnaður* merkir í lögum þessum hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi.

*Lögbýli* merkir í lögum þessum sérhverja jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003. Lögbýli teljast enn fremur jarðir sem hljóta síðar viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins sem ný lögbýli, sbr. 16.–22. gr.

*Mannvirki* merkja í lögum þessum hvers konar byggingar og fylgifyrirlit þeirra sem er varanlega skeytt við land.

*Netlög* merkja í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

*Ríkisjarðir* eru jarðir í eigu ríkisins, opinberra stofnana og opinberra sjóða og kirkjujarðir.

*Ræktun* eða *ræktað land* merkir í lögum þessum land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en hefur orðið það við áburðargjöf og er notað sem slíkt.

*Skipulagt land* merkir í lögum þessum landsvæði þar sem í gildi er staðfest eða samþykkt skipulagsáætlun samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, eftir atvikum svæðis-, aðal- og/eða deiliskipulag.

*Vatnsréttindi* merkja í lögum þessum rétt til að nytja grunnvatn, vatnsfall eða stöðuvatn.

*Þéttbýli* er það svæði sem fellur undir skilgreiningu þéttbýlis samkvæmt skipulagslögum.

*Þjóðlendur* merkja í lögum þessum landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Rísi ágreiningur um skilgreiningu einstakra hugtaka samkvæmt lögum þessum sker landbúnaðarráðherra úr.

### 3. gr.

#### *Gildissvið.*

Lög þessi gilda um allt land sem ekki er undanskilið skv. 2. mgr., þ.m.t. jarðir, jarðahluta, afréttarlönd, almenninga, öræfi, þjóðlendur og hvers konar land, eyðijarðir, landspildur, lóðir, mannvirki, skóga, vatnsréttindi, veiðiréttindi, námuréttindi, jarðhitaréttindi og aðrar náttúruauðlindir, svo og hvers konar aðrar fasteignir, fasteignaréttindi, ítök og hlunnindi á landi og innan netlaga, hvort sem þau hafa verið skilin frá jörð eða ekki.

Undanskilið ákvæðum þessara laga er jarðir, annað land, fasteignir og fasteignaréttindi í þéttbýli sem skipulagt hefur verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað með skipulagi staðfestu og/eða samþykktu af skipulagsyfirvöldum í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingar-laga. Það gildir þó ekki um lögbýli en ákvæði þessara laga gilda um öll lögbýli í þéttbýli án tillits til hvaða skipulag gildir um landsvæði þeirra.

4. gr.

*Yfirstjórn.*

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi gilda um.

## II. KAFLI

### **Landnotkun o.fl.**

5. gr.

*Land í landbúnaðarnotum.*

Land sem við gildistöku þessara laga er nýtt eða nýtanlegt til landbúnaðar, þar með taldir afréttir, almenningar, þjóðlendur, eyðijarðir, landspildur og lóðir, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum, sbr. þó 6. og 7. gr.

6. gr.

*Lausn úr landbúnaðarnotum.*

Landbúnaðarráðherra getur veitt leyfi til að land sem er nýtt eða nýtanlegt til landbúnaðar verði leyst úr landbúnaðarnotum. Einnig getur landbúnaðarráðherra veitt leyfi til að land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum verði aftur tekið til þeirra nota ef það er í samræmi við skipulagt land á viðkomandi svæði.

Beiðni skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og send landbúnaðarráðuneytinu ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum af því landi sem beiðni lýtur að, þinglýsingarvottorði og umsögn sveitarstjórnar.

Leyfi landbúnaðarráðherra ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast það þá fyrst gildi.

7. gr.

*Skipulag.*

Þar sem í skipulagi er fyrirhugað að breyta landnotkun svæða sem nýtt hafa verið til landbúnaðar skal leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa landið úr landbúnaðarnotum liggja fyrir áður en viðkomandi skipulagsáætlun hlýtur endanlega afgreiðslu.

Ef við gildistöku laga þessara er í gildi formleg skipulagsáætlun samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, þar sem gert er ráð fyrir annarri landnotkun en landbúnaði, gilda ákvæði 5. gr. ekki um nýtingu landsins.

## III. KAFLI

### **Aðilaskipti að jörðum, öðru landi o.fl.**

8. gr.

*Hlunnindi.*

Hlunnindi sem fylgja jörð eru eign jarðareiganda, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum.

Óheimilt er að skilja hlunnindi frá jörð, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum.

9. gr.

*Fyrirsvar jarða í sameign o.fl.*

Ef eigendur jarðar eða annars lands sem lög þessi gilda um eru fleiri en þrír fjárráða einstaklingar eða lögaðili er þeim skylt að tilnefna fyrirsvarsmann sem hafi umboð til að koma fram fyrir hönd annarra eigenda jarðarinnar við úrlausn mála sem lúta að réttindum og skyldum eigenda, taka ákvarðanir um daglegan rekstur og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar, minni háttar viðhald og viðgerðir, svo og bráðnauðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið.

Fyrirsvarsmenn skal tilkynna til sýslumanns er þinglýsi þeirri tilkynningu á viðkomandi fasteign, svo og tilkynningum um breytingar á fyrirsvarsmönnum.

10. gr.

*Aðilaskipti að jörðum, öðru landi o.fl.*

Stofnun réttinda yfir og aðilaskipti að jörðum, öðru landi, fasteignum og fasteignaréttindum sem lög þessi gilda um, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu, búskipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán, kaupleigu, leigu og ábúð, skal tilkynna sveitarstjórn. Það gildir ekki um eigendaskipti þegar lögaðilar eiga jarðir.

11. gr.

*Jarðaskrá.*

Landbúnaðarráðuneytið skal 31. desember ár hvert gefa út jarðaskrá á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna þar sem fram koma upplýsingar um allar jarðir, jarðahluta, landspildur, lóðir og annað land samkvæmt þessum kafla. Landbúnaðarráðuneytinu er heimilt að fela öðrum aðilum að annast gerð jarðaskrár í umboði ráðuneytisins. Í jarðahluta Landskrár fasteigna, sem Fasteignamat ríkisins heldur skv. 1. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, skulu koma fram upplýsingar um nöfn jarða og annars lands, sveitarfélög, eigendur, fyrirsvarsmenn ef fleiri eigendur eru að jörð, ábúendur, leigutaka, ræktun, mannvirki, nýtingu, hvort félagsbú er á jörðinni og önnur atriði sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð. Fasteignamat ríkisins skal í þessum tilgangi leggja til skráningar-svæði fyrir framangreindar upplýsingar án sérstaks kostnaðar fyrir ráðuneytið.

Bændasamtökum Íslands, Fasteignamati ríkisins, Hagstofu Íslands, sveitarstjórnnum, sýslumönnum og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta landbúnaðarráðuneytinu í té endurgjaldslaust allar upplýsingar sem það óskar eftir við skráningu í jarðahluta Landskrár fasteigna. Sama gildir um aðra aðila sem annast skráningu í jarðahluta Landskrár fasteigna í umboði ráðuneytisins.

Um afhendingu og sölu upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna fer eftir lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og gjaldskrá settri samkvæmt þeim lögum.

IV. KAFLI

**Landskipti, sameining lands o.fl.**

12. gr.

*Landskipti o.fl.*

Um skipti á landi sem lög þessi gilda um fer eftir ákvæðum gildandi laga á hverjum tíma.



Ákvæði þessa kafla gilda um skipti á landi sem tilheyrir einni jörð, svo og um skipti á landi milli tveggja eða fleiri jarða. Einnig gilda ákvæði þessa kafla um sameiningu á landi tveggja eða fleiri jarða eða jarðahluta. Samningar um leigu á landi, þ.m.t. lóðarleigu, fela ekki í sér landskipti samkvæmt þessum kafla.

Við stofnun nýrra jarða og lóða skv. 2. mgr. skal gæta ákvæða III. kafla laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

### 13. gr.

#### *Staðfesting landskipta.*

Skipti á landi sem tilheyrir einni jörð og sameiginlegu landi tveggja eða fleiri jarða skulu staðfest af landbúnaðarráðherra. Beiðni um staðfestingu landskipta skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila sem eru eigendur landsins og aðilar að landskiptunum, svo og lýsing á landskiptunum. Beiðninni skal fylgja samningur um landskipti eða landskiptagerð ásamt stofnskjali ef við á, uppdráttur staðfestur af skipulagsyfirvöldum, þinglýsingarvottorð, umsögn sveitarstjórnar og önnur gögn sem kunna að liggja til grundvallar landskiptum og landbúnaðarráðherra óskar eftir að lögð verði fram. Í skiptasamningi eða landskiptagerð um skipti á landi sem tilheyrir einu lögbýli skal tekið fram hvaða jarðarhluta lögbýlisréttur fylgir, þ.m.t. upphaflegt heiti lögbýlis. Leigusamningar, þ.m.t. lóðarleigusamningar, teljast ekki til landskipta í skilningi þessa ákvæðis.

Staðfestingu landbúnaðarráðherra ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast hún þá fyrst gildi.

### 14. gr.

#### *Land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum.*

Ef jarðahlutar eða landspildur eru leystar úr landbúnaðarnotum og skipt út úr jörð skal landbúnaðarráðherra eingöngu staðfesta skipti á ytri mörkum þeirra en önnur skipti á landinu falla utan við gildissvið þessara laga.

### 15. gr.

#### *Sameining jarða.*

Leyfi landbúnaðarráðherra þarf til sameiningar á landi tveggja eða fleiri jarða eða jarðahluta. Beiðni um leyfi skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng eigenda jarða eða lands sem óskað er eftir að sameina eða leggja til afrétta, svo og lýsing á legu jarða og landamerkjum þeirra. Beiðninni skal fylgja uppdráttur staðfestur af skipulagsyfirvöldum, þinglýsingarvottorð, umsögn sveitarstjórnar og önnur gögn sem landbúnaðarráðherra óskar eftir að lögð verði fram.

Óheimilt er að sameina land jarða eða jarðahluta sem ekki tilheyra sama sveitarfélagi eða lögsagnarumdæmi.

Leyfi landbúnaðarráðherra ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast það þá fyrst gildi.

## V. KAFLI

### **Lögbýli, félagsbú o.fl.**

### 16. gr.

#### *Leyfi til stofnunar lögbýlis.*

Landbúnaðarráðherra getur veitt leyfi til að stofna ný lögbýli til starfsemi á sviði landbúnaðar eða annarra atvinnugreina ef uppfyllt eru skilyrði 2. gr. um skilgreiningu á lögbýli.

## 17. gr.

*Umsókn um stofnun nýs lögbýlis.*

Umsókn um stofnun nýs lögbýlis skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila sem óska eftir að stofna lögbýli, nafn jarðar eða fasteignar, sveitarfélag, stærð, ræktun og mannvirki, svo og upplýsingar um hvers konar búrekstur eða aðra atvinnustarfsemi er fyrirhugað að stunda á lögbýlinu. Umsókn skulu fylgja gögn er sýni að umsækjandi hafi með þinglýstum kaupsamningi/afsali eða samningi um ábúð/leigu til a.m.k. 20 ára tryggt sér umráðarétt yfir landi og annarri búrekstraraðstöðu, þinglýsingarvottorð, umsögn sveitarstjórnar og umsögn héraðsráðunautar búnaðarsambands um búrekstrarskilyrði á lögbýlinu.

## 18. gr.

*Skipulag og nálægð annarra jarða.*

Við stofnun nýs lögbýlis skal þess gætt að það sé í samræmi við staðfest skipulag ef það er fyrir hendi og að ekki sé raskað búrekstraraðstöðu nálægra jarða.

## 19. gr.

*Landstærð, mannvirki o.fl.*

Við meðferð umsóknar um stofnun nýs lögbýlis skal landbúnaðarráðuneytið leggja mat á stærð ræktanlegs lands, mannvirki og búrekstraraðstöðu að öðru leyti eða hvort unnt sé að stunda þá atvinnustarfsemi sem umsókn um stofnun lögbýlis er byggð á.

## 20. gr.

*Leyfi til stofnunar lögbýlis.*

Leyfi landbúnaðarráðherra til stofnunar lögbýlis skal vera skriflegt og skulu þar koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng stofnenda lögbýlis, nafn jarðar sem lögbýli er stofnað á eða úr, sveitarfélag og lögsagnarumdæmi, starfsemi sem fyrirhuguð er á lögbýlinu og önnur atriði sem landbúnaðarráðherra ákveður að þar skuli koma fram.

## 21. gr.

*Heiti lögbýlis.*

Þegar leyfi landbúnaðarráðherra til stofnunar lögbýlis hefur verið gefið út skal leyfishafi leita eftir samþykki örnefnanefndar fyrir heiti lögbýlisins í samræmi við ákvæði laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl.

## 22. gr.

*Þinglýsing.*

Leyfi til að stofna lögbýli skal þinglýst og öðlast það þá fyrst gildi.

## 23. gr.

*Niðurfelling lögbýlisréttar.*

Landbúnaðarráðherra getur fellt niður lögbýlisrétt ef lögbýli fullnægir ekki lengur skilyrðum til að vera lögbýli.

Einnig getur landbúnaðarráðherra fellt niður lögbýlisrétt ef eigandi lögbýlis óskar þess. Beiðni skulu fylgja sömu upplýsingar og gögn og kveðið er á um í 17. gr.

Landbúnaðarráðherra skal leita umsagnar sveitarstjórnar um niðurfellingu lögbýlisréttar.

Ákvörðun landbúnaðarráðherra um niðurfellingu lögbýlísréttar skal þinglýst og öðlast hún þá fyrst gildi.

24. gr.

*Endurbygging eyðijarðar.*

Ef áformað er að taka lögbýli sem er eyðijörð aftur til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi skal senda tilkynningu þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands í því formi sem landbúnaðarráðherra ákveður.

25. gr.

*Félagsbú.*

Heimilt er að stofna félagsbú á lögbýlum um starfsemi á sviði landbúnaðar eins og hann er skilgreindur í 2. gr.

Aðilar félagsbús skulu gera með sér skriflegan félagsbússamning þar sem getið sé stofnframlaga aðilanna, skiptingar tekna búsins, ákvarðanatöku um málefni þess og hvernig slitum félagsbúsins skuli háttað.

Tilkynna skal landbúnaðarráðuneytinu og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra um stofnun og slit félagsbús. Félagsbússamningur skal fylgja tilkynningu um stofnun félagsbús en tilkynningu um slit félagsbús skal fylgja samningur eða yfirlýsing um slit undirrituð af öllum aðilum félagsbús.

26. gr.

*Lögbýlaskrá.*

Landbúnaðarráðuneytið skal 31. desember ár hvert gefa út lögbýlaskrá fyrir allt landið á grundvelli upplýsinga úr jarðaskrá, sbr. 11. gr. Í lögbýlaskrá skulu koma fram upplýsingar um nöfn allra lögbýla, sveitarfélög, eigendur, fyrirsvarsmenn ef fleiri eigendur eru að lögbýli, ábúendur, leigutaka, ræktun, mannvirki, nýtingu og hvort þar sé rekið félagsbú, svo og aðrar upplýsingar sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð.

Landbúnaðarráðuneytinu er heimilt að fela öðrum aðila að annast gerð lögbýlaskrár í umboði ráðuneytisins.

Ef ágreiningur ris um skráningu jarðar á lögbýlaskrá sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi að fenginni umsögn sveitarstjórnar.

Um afhendingu og sölu upplýsinga um skráð lögbýli úr jarðahluta Landskrár fasteigna fer eftir lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og gjaldskrá settri samkvæmt þeim lögum.

VI. KAFLI

**Forkaupsréttur.**

27. gr.

*Forkaupsréttur ábúenda.*

Ábúendur sem hafa haft ábúðarrétt í sjö ár eða lengri tíma eiga forkaupsrétt að ábúðarjörð-um sínum, enda taki þeir jarðirnar til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi.

Falli ábúandi frá heldur maki hans forkaupsrétti að jörð.

Forkaupsréttur ábúanda fellur niður ef hann hefur sagt upp samningi sínum um ábúð eða ef honum hefur verið sagt löglega upp ábúðarsamningi vegna vanefnda.

## 28. gr.

*Nauðungarsala.*

Ef jarðir eða aðrar fasteignir sem lög þessi gilda um eru seldar við nauðungarsölu geta forkaupsréttarhafar skv. 27. gr. gengið inn í hæsta boð, enda tilkynni þeir það áður en lokið er að leita boða í eignina við nauðungarsölu eða innan fimm sólarhringa frá því að þeim er kynnt kauptilboð sem aflað er við nauðungarsölu á almennum markaði.

## 29. gr.

*Forkaupsréttartilboð.*

Forkaupsréttur skal boðinn forkaupsréttarhöfum skv. 27. gr. skriflega með sannanlegum hætti. Í forkaupsréttartilboði skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng seljanda og kaupanda, greinargóð lýsing á þeirri fasteign sem verið er að selja, kaupverð, greiðsluskilmálar, afhendingartími og aðrir söluskilmálar sem skilgreindir skulu á tæmandi hátt. Ef um makaskipti er að ræða skal seljandi tilgreina hversu hátt hin framboðna fasteign er metin til peningaverðs. Ef ábuendur að jörð eru fleiri en einn skal bjóða hverjum þeirra um sig forkaupsrétt að jörðinni. Forkaupsréttarhafar skulu svara skriflega og afdráttarlaust innan 30 daga eftir að forkaupsréttartilboð barst hvort þeir hyggist neyta forkaupsréttar.

Vanræki forkaupsréttarhafi að svara forkaupsréttartilboði innan tilskilins frests hefur hann glatað forkaupsrétti í það sinn.

Yfirlýsing um afsal forkaupsréttar fellur úr gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá dagsetningu hennar.

## 30. gr.

*Kaupverð.*

Ef kaupverð fasteignar sem forkaupsréttur skv. 27. gr. gildir um er bersýnilega ósanngjarn geta forkaupsréttarhafar krafist þess að það verði metið af dómkvöddum matsmönnum eða yfirmatsmönnum og gildir það þá sem söluverð.

Forkaupsréttarhafi skal taka ákvörðun um að krefjast mats innan 15 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst honum.

Forkaupsréttarhafi skal innan viku frá því að matsgerð skv. 1. mgr. barst honum ákveða hvort hann neytir forkaupsréttar samkvæmt matsgerðinni. Matsgerð skal lokið innan sex vikna frá þeim tíma sem fresti skv. 2. mgr. lauk.

Matsmenn ákveða matskostnað og hvernig hann greiðist.

## 31. gr.

*Undanþágur frá forkaupsrétti.*

Ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt gilda ekki þegar:

1. Eigandi jarðar, annars lands, fasteignar eða fasteignaréttinda sem lög þessi gilda um selur eða afhendir jörð eða aðra fasteign maka sínum, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, öðrum niðjum, systkini eða foreldri. Sama gildir ef jörð fellur í erfðir til sömu aðila.
2. Ríkissjóður ráðstafar jörðum, öðru landi, fasteignum eða fasteignaréttindum í eigu ríkisins sem lög þessi gilda um.

Falli jarðir, annað land eða fasteignir sem lög þessi gilda um í erfðir til annarra en þeirra sem greinir í 1. tölul. 1. mgr. skulu ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt koma til framkvæmda. Náist ekki samkomulag um verð skal um mat á kaupverði fara eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

## 32. gr.

*Málshöfðunarfræstur.*

Ef seljandi lands eða annarrar fasteignar vanrækir að bjóða forkaupsrétt í samræmi við ákvæði þessa kafla geta forkaupsréttarhafar borið þá ákvörðun undir dómstóla til ógildingar. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að forkaupsréttarhöfum varð kunnugt um ráðstöfun.

## VII. KAFLI

**Ríkisjarðir.**

## 33. gr.

*Forræði ríkisjarða.*

Landbúnaðarráðuneytið fer með forræði allra ríkisjarða, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum.

## 34. gr.

*Ábúð, leiga o.fl.*

Ríkisjarðir sem ekki eru byggðar samkvæmt ábúðarlögum eða ráðstafað til skógræktar, svo og jarðir sem ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu íslenska ríkisins eða einstakra stofnana þess, er heimilt að leigja lengst til tíu ára í senn. Sömu reglur gilda um landspildur stærri en 5 hektarar.

Leigusamninga um lóðir úr ríkisjörðum allt að 5 hektarar að stærð er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við ákvæði laga, svo sem skipulags- og byggingarlaga. Um stofnun slíkra lóða fer eftir III. kafla laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

## 35. gr.

*Sala til sveitarfélaga.*

Heimilt er að selja ríkisjarðir eða hluta þeirra þeim sveitarfélögum sem jarðirnar eru í og einnig stofnunum og fyrirtækjum þeirra.

## 36. gr.

*Sala til ábúenda.*

Ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum eiga rétt á að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, ef þeir fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að ábúandi hafi haft ábúð á jörðinni í a.m.k. sjö ár.
2. Að ábúandi leggi fram yfirlýsingu hlutaðeigandi sveitarstjórnar um að hann hafi setið jörðina vel og að sveitarstjórn mæli með því að hann fái jörðina keypta. Í yfirlýsingu sveitarstjórnar skulu koma fram upplýsingar um hvort ábúandi hafi lögheimili og búi á jörðinni, hvaða starfsemi sé á jörðinni, hvert sé ástand mannvirkja, hvernig jörðin hefur verið setin og önnur atriði sem sveitarfélög óska eftir að taka fram. Umsögn sveitarstjórnar skal byggð á framangreindum atriðum.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um ríkisjarðir sem ekki eru nýttar til landbúnaðarstarfsemi og heldur ekki jarðir sem 39. gr. gildir um.

## 37. gr.

*Söluverð.*

Söluverð ríkisjarða sem seldar eru skv. 35. og 36. gr. skal metið af matsaðilum sem landbúnaðarráðuneytið kveður til og greiðir ráðuneytið af því kostnað. Mat á söluverði skal taka mið af skipulagsforsendum og afskrifuðu nývirði ræktunar, fasteigna og annarra matsþátta. Kaupendum er einnig heimilt að óska eftir að söluverðið verði metið af dómkvöddum matsmönnum og skulu kaupendur þá sjálfir greiða fyrir undirmat en yfirmat greiðir sá sem óskar þess. Mat á söluverði ríkisjarða skal ná til jarðar, hlunninda, mannvirkja, ræktunar og greiðslumarks. Greiðslumark ríkisjarða sem seldar eru ábúendum skv. 36. gr. skal þó ekki metið sérstaklega til verðs. Ef jörðum sem ábúendur hafa keypt er ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðar eða ef greiðslumark er selt frá jörðunum innan tíu ára frá sölu skulu kaupendur endurgreiða ríkissjóði andvirði greiðslumarksins á verði sem skal miðað við markaðsverð greiðslumarks á þeim tíma þegar endurgreiðsla fer fram en að teknu tilliti til jafnra, árlegra fyrninga sem skulu vera 10% á ári. Þessari kvöð skal þinglýst á jörðina.

## 38. gr.

*Auglýsingaskylda við sölu ríkisjarða.*

Ríkisjarðir sem fyrirhugað er að selja, aðrar en þær sem ákvæði 35. og 36. gr. gilda um, skal auglýsa til sölu með opinberri auglýsingu og skal leitað eftir kauptilboðum í þær í samræmi við gildandi löggjöf og stjórnvaldsreglur um sölu á eignum ríkisins á hverjum tíma. Kaupverð skal að jafnaði vera hagkvæmasta tilboð með tilliti til verðs og greiðsluskilmála en alltaf er heimilt að hafna öllum innsendum tilboðum.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um sölu á ríkisjörðum eða jarðahlutum til aðila sem reka þar starfsemi á sviði landbúnaðar eða aðra atvinnustarfsemi ef hagsmunir sveitarfélags krefjast þess að viðkomandi jarðir eða jarðahlutar verði seldir þeim aðilum.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um sölu á ríkisjörðum og jarðahlutum til annarra einstaklinga eða lögaðila en kveðið er á um í 35. og 36. gr. hafi þeir haft landið á leigu í a.m.k. 20 ár og á eigin kostnað lagt í verulegar ræktunarframkvæmdir á þeim og þannig aukið verðmæti landsins umtalsvert.

## 39. gr.

*Ríkisjarðir sem ekki skal selja.*

Ríkisjarðir sem þörf er á að ráðstafa til opinberra nota skal ekki selja og heldur ekki jarðir sem nauðsynlegt þykir með tilliti til almannahagsmuna eða ákvarðana Alþingis eða stjórnvalda að séu eign íslenska ríkisins eða einstakra stofnana þess.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal landbúnaðarráðuneytið leita umsagnar viðkomandi fagstofnana ríkisins eftir því sem við á.

## 40. gr.

*Réttindi undanskilin sölu.*

Við sölu ríkisjarða er landbúnaðarráðherra heimilt að undanskilja jarðefni, rétt til efnistöku umfram búsparfir og einnig öll vatns- og jarðhitaréttindi.

## 41. gr.

*Forkaupsréttur við endursölu.*

Sé áformuð sala jarðar eða hluta jarðar sem seld hefur verið ábúanda eða sveitarfélagi, stofnun eða fyrirtæki þess, sbr. 35. og 36. gr., skal ríkissjóður eiga forkaupsrétt að jörðinni

fyrir hlutfallslega sama verð og hún var seld á að teknu tilliti til verðhækkunar miðað við byggingarvísitölu og eðlilegra afskrifta af mannvirkjum, svo og að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jörðina. Mannvirki og ræktun sem ábúandi átti þegar hann keypti jörðina skv. 36. gr. skal meta til verðs af matsnefnd eignarnámsbóta.

Forkaupsréttur skv. 1. mgr. skal boðinn landbúnaðarráðherra skriflega. Ráðherra skal svara forkaupsréttartilboði innan 30 daga frá því að það barst. Ákvörðun ráðherra um að neyta forkaupsréttar samkvæmt þessu ákvæði verður ekki tekin til endurskoðunar á stjórn-sýslustigi.

Forkaupsréttur samkvæmt þessari grein gildir aðeins við fyrstu sölu eftir að ábúandi keypti af ríkissjóði.

Forkaupsréttur samkvæmt þessari grein fellur niður þegar tíu ár eru liðin frá sölu.

## VIII. KAFLI

### **Ættaróðul.**

#### 42. gr.

#### *Bann við stofnun nýrra ættaróðala og ráðstöfun ættaróðals eftir andlát óðalseiganda.*

Ákvæði þessa kafla gilda um jarðir sem við gildistöku þessara laga eru skráðar sem ættaróðul samkvæmt þinglýstri yfirlýsingu þess efnis.

Óheimilt er að stofna ný ættaróðul eftir gildistöku þessara laga.

Við andlát núverandi óðalseiganda skal ættaróðalið falla úr óðalsböndum og jörðin erfast í samræmi við ákvæði erfðalaga. Maki óðalseiganda tekur við réttindum og skyldum óðalseiganda við andlát hans en við andlát makans erfist ættaróðalið með þeim hætti sem tilgreint er í 1. másl.

Um ættaróðul eftir gildistöku þessara laga gilda ákvæði þessa kafla eftir því sem við á þar til þau falla úr óðalsböndum, sbr. 3. mgr. og 51. og 52. gr.

#### 43. gr.

#### *Lagaskilyrði.*

Á ættaróðali mega ekki hvíla aðrar veðskuldir en þær sem kunna að hafa verið teknar í Lánasjóði landbúnaðarins (áður Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands), Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði.

#### 44. gr.

#### *Hlunnindi o.fl.*

Ættaróðali skulu fylgja hlunnindi og annað það sem jörðinni hefur fylgt, enn fremur afurðir sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburður og hey. Þá skulu fylgja jörðinni skjöl er varða jörðina frá fyrri tíð, einnig myndir og munir er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændætt er situr eða setið hefur jörðina.

#### 45. gr.

#### *Fylgifé.*

Óðalseigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins sem skylt er að halda við og endurnýja. Opinberir styrkir sem veittir eru til framkvæmda og umbóta á óðalsjörðum verða eign óðalsins.

## 46. gr.

*Tryggingar o.fl.*

Tryggingar sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess sem því fylgir tilheyra óðalinu ásamt vátryggingabótum sem greiddar eru samkvæmt þeim. Sama gildir um greiðslur og aðrar bætur sem eru tilkomnar vegna eignarnáms eða annarrar skerðingar á réttindum óðalsins.

## 47. gr.

*Veðsetningar.*

Heimilt er óðalseiganda að taka lán með veði í óðalinu til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni hjá Lánasjóði landbúnaðarins, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði samkvæmt þeim reglum sem um slík lán gilda á hverjum tíma.

## 48. gr.

*Heimild til aðfarar.*

Eigi má aðför gera í ættaróðali eða selja það til fullnustu skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum gjöldum er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

## 49. gr.

*Ráðstafanir sýslumanns ef krafist er aðfarar.*

Ef skuldheimtumaður krefst þess að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni skal sýslumaður tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt kröfum skuldheimtumans, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá sem rétt áttu til óðalsins ásamt óðalseiganda með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um að ákveðið sé hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn þeirra sem rétt áttu til óðalsins taka við jörðinni og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé.

## 50. gr.

*Skilnaður óðalseiganda.*

Slíti óðalseigandi og maki hans samvistum heldur það hjónanna óðalinu sem erfði það.

## 51. gr.

*Lausn úr óðalsböndum með samþykki erfingja o.fl.*

Óðalseigandi sem búið hefur á ættaróðali skemur en 20 ár getur óskað eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa óðalið úr óðalsböndum ef þeir sem rétt áttu til óðalsins þegar óðalsbóndi tók við óðalinu samþykkja það og óska ekki eftir að taka óðalið til ábúðar. Verður óðalið þá eignarjörð viðkomandi bónda með lögbýlisrétt.

## 52. gr.

*Lausn úr óðalsböndum án samþykkis erfingja o.fl.*

Ef óðalsbóndi hefur búið á og haft vörslur ættaróðals samfleytt í 20 ár eða lengur getur hann að fenginni umsögn sveitarstjórnar óskað eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að jörðin verði leyst úr óðalsböndum án þess að fyrir liggi samþykki þeirra er rétt áttu til óðalsins.



## IX. KAFLI

**Málskot.**

53. gr.

*Málskot.*

Ákvörðunum sveitarstjórna samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta til landbúnaðar-ráðuneytisins. Kærufrestur er 30 dagar frá því að kæranda varð kunnugt um ákvörðun og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan átta vikna eftir að kera barst.

## X. KAFLI

**Lokaákvæði.**

54. gr.

*Þinglýsing.*

Óheimilt er að þinglýsa skjölum um aðilaskipti að fasteignum sem lög þessi gilda um, nema fyrir liggi að ákvæða laganna hafi verið gætt.

55. gr.

*Reglugerðir o.fl.*

Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

56. gr.

*Refsingar.*

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum með heimild í þeim varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

57. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Yfirlýsingar um að tiltekna jarðir séu óðalsjarðir sem ekki hefur verið þinglýst falla úr gildi við gildistöku þessara laga.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Sveitarfélög skulu innan sex mánaða frá gildistöku þessara laga senda landbúnaðarráðuneytinu upplýsingar um öll landsvæði sem voru í landbúnaðarnotum við gildistöku jarðalaga, nr. 65/1976, og skipulögð hafa verið fyrir önnur not en landbúnað en hafa ekki verið leyst úr landbúnaðarnotum, sbr. 6. og 7. gr. Landbúnaðarráðuneytið skal að fengnum slíkum upplýsingum þinglýsa yfirlýsingum um að þau landsvæði séu leyst úr landbúnaðarnotum.

**II.**

Um félagsbú sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga skulu gilda ákvæði 25. gr. þessara laga eftir því sem við á.

**III.**

Frestur landbúnaðarráðherra til að ljúka við gerð fyrstu jarðaskrár á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna skv. 11. gr. er til 31. desember 2008.

**IV.**

Þar til gerð jarðaskrár skv. 11. gr. er lokið skal landbúnaðarráðherra gefa árlega út lög-  
býlaskrá skv. 26. gr. á grundvelli annarra tiltækra upplýsinga með sama hætti og verið hefur  
skv. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

**V.**

Allar jarðir sem skráðar voru í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003  
skulu teljast lögbýli eftir gildistöku þessara laga án tillits til þess hvort þær uppfylla skilyrði  
2. gr. um skilgreiningu á hugtakinu lögbýli.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Guðni Ágústsson.*

**LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun  
af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „0,36 kr.“ í 5. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr.  
20/2003, kemur: 0,76 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Siv Friðleifsdóttir.*

## LÖG

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994,  
með síðari breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðsins „lyfjaverðsnefnd“ í 4. másl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: lyfjagreiðslu-nefnd.

## 2. gr.

6. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Greiða skal Lyfjastofnun gjald fyrir veitingu undanþágu skv. 7. mgr. 7. gr. vegna lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, fyrir veitingu leyfa til að framkvæma klínískar lyfja-prófanir skv. 9. gr. og fyrir mat á stöðluðum forskriftum skv. 5. gr.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: *Stöðluð forskriftarlyf (official formula)*: Öll lyf sem framleidd eru í lyfjabúð eða lyfjagerð, samkvæmt forskrift er Lyfjastofnun staðfestir, og afgreidd eru í lyfjabúðum. Lyfjagerð er framleiðslustaður lyfja þar sem lyf eru framleidd í samræmi við góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Good Manufacturing Practice) og sem hefur fengið framleiðsluleyfi samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga þessara.

- b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur reglugerð þar sem kveðið skal á um hvenær efni, sem geta verið upprunnin úr náttúrunni, teljast lyf. Í henni skal m.a. kveðið á um í hvaða dagskömmtum vítamín og/eða steinefni, blönduð efnum upprunnum úr náttúrunni og ætluð mönnum eða dýrum, teljist lyf.

## 4. gr.

Á eftir orðinu „sérlyf“ í 1. másl. 9. mgr. 7. gr. laganna kemur: samhliða innflutt lyf.

## 5. gr.

Við 8. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Lyfjastofnun er heimilt, á grundvelli markaðsleyfis í öðru aðildarríki EES-samningsins og að uppfylltum skilyrðum þessara laga um veitingu markaðsleyfis, að gefa út markaðsleyfi

fyrir lyf sem er afskráð eða ekki sótt um markaðsleyfi fyrir telji Lyfjastofnun réttlætlanlegt á grundvelli sjónarmiða um almannaheilbrigði eða almannahagsmunum að hafa viðkomandi lyf á markaði.

Hyggist Lyfjastofnun beita þessari heimild skal hún tilkynna markaðsleyfishafa í því landi þar sem lyfið er skráð um fyrirætlan sína og jafnframt óska eftir afriti af matsskýrslu og gildu markaðsleyfi lyfsins frá yfirvöldum í því landi.

Ráðherra skal kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

#### 6. gr.

Í stað orðanna „stjórn heilsugæslustöðvar“ í 1. og 2. málsl. 6. mgr. 20. gr. laganna kemur: framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar.

#### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „lyfsöluleyfishöfum“ í 5. mgr. kemur: öðrum lyfjaheildsölum.
- b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Lyfjaheildsölum er heimill samhliða innflutningur lyfs að undangenginni útgáfu markaðsleyfis fyrir lyfið hér á landi. Með samhliða innfluttu lyfi er átt við sérlyf sem hefur markaðsleyfi í öðru landi, sem er aðili að EES-samningnum, og er flutt þaðan til Íslands, en viðkomandi lyf er þegar skráð og hefur markaðsleyfi hér á landi.

#### 8. gr.

Fyrirsögn XII. kafla laganna verður: **Innflutningur og heildsala lyfja. Samhliða innflutt lyf.**

#### 9. gr.

Á eftir orðunum „í lyfjabúðum“ í 2. málsl. 36. gr. laganna kemur: og lyfjagerðum.

#### 10. gr.

Í stað orðsins „Lyfjaverðsnefnd“ í 2. málsl. 42. gr. laganna kemur: Lyfjagreiðslunefnd.

#### 11. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar fimm manna nefnd, lyfjagreiðslunefnd, til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð fagmönnum á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytis, landlæknis og Lyfjastofnunar. Formaður skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Lyfjagreiðslunefnd skal við ákvarðanir sínar hafa í huga það markmið laganna að halda lyfjakostnaði í lágmarki.

Lyfjagreiðslunefnd skal ákveða að fenginni umsókn:

1. Hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýrallyfjum í heildsölu og smásölu.
2. Hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu skv. 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, á lyfjum sem eru á markaði hér á landi.
3. Greiðsluþátttökuverð, þ.e. það verð sem almannatryggingar skulu miða greiðsluþátttöku sína við.

4. Greiðsluþátttöku í lyfjum sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 7. mgr. 7. gr. Nefndin getur vísað afgreiðslu umsókna vegna lyfja sem veitt hefur verið undanþága fyrir samkvæmt því ákvæði til Tryggingastofnunar.

Lyfjagreiðslunefnd skal fylgjast með verðlagningu lyfja í heilðsölu og smásölu og greiðsluþátttökuverði í löndum á Evrópska efnahagssvæðinu og taka mið af þeim athugunum við verðákvæðanir sínar skv. 1. og 3. tölul. 2. mgr. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að verðákvæðanir nefndarinnar skuli byggðar á verði í nánar tilteknum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þegar um samhliða innflutt lyf er að ræða skal lyfjagreiðslunefnd við ákvörðun hámarksverðs m.a. hafa hliðsjón af því verði sem innflytjandi sækir um enda sé það lægra en verð sama lyfs hér á landi. Við ákvörðun á verði og greiðsluþátttökuverði samheitalyfja (lyfja með sama virka innihaldsefni) skal nefndin hafa hliðsjón af verði viðkomandi samheitalyfja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Lyfjagreiðslunefnd raðar samheitalyfjum og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif í viðmiðunarverðflokkum til ákvörðunar greiðsluþátttöku almannatrygginga. Ákvæðanir nefndarinnar skv. 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. skulu byggðar annars vegar á mati á gagnsemi lyfs og hins vegar kostnaði við greiðsluþátttöku.

Þegar fjallað er um hámarksverð lyfja í heilðsölu tekur fulltrúi samtaka lyfjaheildsala sæti í nefndinni og þegar fjallað er um hámarksverð í smásölu tekur fulltrúi samtaka lyfjasmásala sæti í nefndinni. Þegar fjallað er um hámarksverð á dýralyfjum í smásölu tekur fulltrúi samtaka dýralækna sæti í nefndinni og jafnframt skal nefndin þá leita álits yfirdýralæknis. Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu mála hjá nefndinni sker atkvæði formanns úr.

Lyfjagreiðslunefnd annast útgáfu lyfjaverðskrár þar sem birt er hámarksverð og greiðsluþátttökuverð lyfseðilsskyldra lyfja og allra dýralyfja. Lyfjagreiðslunefnd er heimilt að innheimta gjald fyrir lyfjaverðskrá samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum lyfjagreiðslunefndar. Gjaldið skal standa undir kostnaði við gerð skrárinnar.

Lyfsölum, dýralæknum, lyfjaheilðsölum og lyfjaframleiðendum er skylt að afhenda lyfjagreiðslunefnd allar þær skýrslur og gögn sem varða verðlagningu lyfja og veita aðrar upplýsingar sem hún telur sig þurfa til að rækja starfa sinn.

Kostnaður við störf nefndarinnar, þ.m.t. laun nefndarmanna og starfsliðs, greiðist úr ríkissjóði.

Fallist nefndin ekki á umbeðið verð, verðbreytingu eða greiðsluþátttöku skal nefndin rökstyðja ákvörðun sína og gera umsækjanda grein fyrir heimild hans til að bera ákvörðun nefndarinnar undir dómstóla samkvæmt almennum reglum. Ákvæðanir nefndarinnar sæta ekki endurskoðun ráðherra.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari reglur um störf lyfjagreiðslunefndar. Lyfjagreiðslunefnd er heimilt að setja sér verklagsreglur.

## 12. gr.

### 44. gr. laganna orðast svo:

Innflytjendur lyfja, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra skulu sækja um hámarksverð í heilðsölu, greiðsluþátttöku almannatrygginga og allar verðbreytingar á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum til lyfjagreiðslunefndar og skulu umsóknum fylgja upplýsingar um heilðsöluverð viðkomandi lyfs í þeim löndum sem tiltekin eru í reglugerð, sbr. 3. mgr. 43. gr.

Ákvörðun lyfjagreiðslunefndar um lyfjaverð skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að umsókn hefur borist. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal nefndin án tafar láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal rökstudd ákvörðun lyfjagreiðslunefndar þá liggja fyrir og hafa verið

kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust nefndinni. Ef ákvörðun liggur ekki fyrir innan þessara tímamarka er umsækjanda heimilt að markaðssetja lyfið á því verði sem sótt er um.

Hafi einnig verið óskað ákvörðunar um þátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði sjúkra-tryggðra skal hún kynnt innan 180 daga frá móttöku umsóknar um ákvörðun lyfjaverðs. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal rökstudd ákvörðun þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust.

Ákvörðun lyfjagreiðslunefndar um hækkun lyfjaverðs skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að umsókn hefur borist. Umsækjandi skal láta nefndinni í té fullnægjandi upplýsingar, þar á meðal ítarlegar upplýsingar um þau atriði sem hann telur réttlæta hækkun á áður ákveðnu verði. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal lyfjagreiðslunefnd láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjagreiðslunefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust henni. Ef óvenjulega margar umsóknir hafa borist nefndinni getur hún til viðbótar framlengt frestinn einu sinni um 60 daga. Skal tilkynna umsækjanda um slíka framlengingu áður en fresturinn sem lyfjagreiðslunefnd hefur til ákvarðanatöku er liðinn. Ef ákvörðun liggur ekki fyrir innan þessara tímamarka er umsækjanda heimilt að hækka verðið samkvæmt umsókninni.

### 13. gr.

Á eftir 44. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

#### a. (45. gr.)

Lyfjagreiðslunefnd er heimilt að beita verðstöðvun. Ef verðstöðvun er beitt á öll lyf eða lyf í sérstökum flokki skal endurskoða ákvörðunina a.m.k. einu sinni á ári. Heimilt er að veita undanþágu frá verðstöðvun samkvæmt umsókn í sérstökum tilvikum. Óski umsækjandi eftir undanþágu skal hann láta í té fullnægjandi upplýsingar um ástæður beiðninnar. Rökstudd ákvörðun lyfjagreiðslunefndar skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda innan 90 daga. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal nefndin láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjagreiðslunefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust henni. Ef óvenjulega margar umsóknir um undanþágur hafa borist nefndinni getur hún til viðbótar framlengt frestinn einu sinni um 60 daga. Skal tilkynna umsækjanda um slíka framlengingu áður en fresturinn sem nefndin hefur til ákvarðanatöku er liðinn.

#### b. (46. gr.)

Lyfjagreiðslunefnd skal endurmeta forsendur lyfjaverðs hér á landi, samanborið við sömu lyf á Evrópska efnahagssvæðinu, reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og gera til-  
lögur um breytingar gefi matið tilefni til þess.

### 14. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Skipa skal lyfja-  
greiðslunefnd skv. 1. mgr. 43. gr. laganna eigi síðar en 1. september 2004. Lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd skulu halda umboði sínu þar til lyfjagreiðslunefnd hefur verið skipuð.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

15. gr.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum: Lokamálsliður c-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Nefnd skv. 43. gr. lyfjalaga ákveður hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu lyfja sem eru á markaði hér á landi.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Jón Kristjánsson.*

## LÖG

### um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Liðurinn *Reiðhjól* orðast svo:
  - a. Ökutæki, sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og eigi er eingöngu ætlað til leiks.
  - b. Vélknúinn hjólastóll, sem eigi er hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.
  - c. Lítil vél- eða rafknúin ökutæki, sem hönnuð eru til aksturs á hraða frá 8 km og upp í 15 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. vélknúið hlaupahjól sem búið er stigbretti, er á hjólum og með stöng að framan sem á er stýri. Slíkum farartækjum má ekki aka á akbraut.
- b. Við liðinn *Torfærutæki* bætist nýr stafliður er orðast svo: Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til vöruflutninga utan vega, er a.m.k. á fjórum hjólum og innan við 550 kg að eigin þyngd án rafgeyma sé það rafknúið.

2. gr.

6. mgr. 44. gr. laganna fellur brott.

## 3. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, 44. gr. a, er orðast svo:

Ráðherra setur reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, þar á meðal um:

- a. notkun ökurita, sem er búnaður ökutækis þar sem skráðar eru og geymdar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns, hraða ökutækis og fleira,
- b. skyldu til þess að varðveita í ökurita, á ökuritakorti eða með öðrum hætti upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns og veita eftirlitsmanni aðgang að þeim upplýsingum þegar þess er óskað,
- c. útgáfu, efni og form ökuritakorts, sem er lykill að rafrænum ökurita og geymir jafnframt rafrænar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns,
- d. gjald fyrir ökuritakort.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þeim er einnig heimilt að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti.
- b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:  
Vegagerðin annast eftirlit með reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Sérstökum eftirlitsmönnum hennar er heimilt að stöðva ökutæki til þess að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækisins, á ökuritakorti eða með öðrum hætti. Ráðherra setur reglur um hæfi og starfsþjálfun eftirlitsmanna Vegagerðarinnar og setur þeim starfsreglur.

## 5. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem situr í sæti bifreiðar sem búíð er öryggisbelti skal nota beltið þegar bifreiðin er á ferð.

Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 150 sm á hæð. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal nota öryggisbelti fyrir barnið.

Barn sem er lægra en 150 sm á hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er uppblásanlegum öryggispúða fyrir framan sætið.

Barn yngra en þriggja ára má ekki vera farþegi í fólks-, sendi- eða vörubifreið nema hún sé með viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði ætluðum börnum, sbr. 2. mgr.

Eigi er skylt að nota öryggis- eða verndarbúnað þegar ekið er aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1.–4. mgr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um notkun öryggis- eða verndarbúnaðar og um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað, m.a. við sérstakan akstur.

## 6. gr.

1. málsl. 1. mgr. 72. gr. laganna orðast svo: Hver sá sem er á bifhjóli eða torfærutæki sem er á ferð skal nota viðurkenndan hlífðarhjálma ætlaðan til slíkra nota.



## 7. gr.

Í stað orðanna „100.000 krónum“ í 1. málsl. 4. mgr. 100. gr. laganna kemur: 300.000 kr.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

- a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn 45. gr. og vínandamagn í blóði hans er yfir 2% og vínandamagn í lofti fer yfir 1,00 milligramm í lítra lofts og skal hann þá sviptur ökurétti eigi skemur en tvö ár.

- b. 3. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:

Nú hefur stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota eða bæði brotin varða við ákvæði 2. mgr. 45. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vara skemur en tvö ár. Ef einungis síðara brotið varðar við 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en þrjú ár.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: ríkislögreglustjóri.

- b. Orðin „en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra“ í 2. mgr. falla brott.

- c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að skjóta synjun ríkislögreglustjóra á endurveitingu ökuréttar til ráðherra með kæru. Um málsmeðferðina fer samkvæmt stjórnslulögum. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um endurveitingu ökuréttar.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður er orðast svo: ákvæðum um að færa ökutæki til skoðunar og á þeim reglum um skoðun ökutækja sem ráðherra setur með stoð í 67. gr.

- b. Í stað orðanna „gjalds þessa“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: gjalds skv. a–f-lið 1. mgr.

- c. Í stað orðsins „gjaldsins“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: gjalds skv. a–f-lið 1. mgr.

- d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Gjald vegna stöðvunarbrota o.fl.**

## 11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „skv. 1. mgr. 108. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. a–f-lið 1. mgr. 108. gr.

- b. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður er orðast svo: Gjald vegna vanrækslu á skoðun skv. g-lið 1. mgr. 108. gr. hvílir á eiganda eða umráðamanni ökutækis.

- c. 3.–5. málsl. 1. mgr. verða 2. mgr.

- d. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 3. mgr.

## 12. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins 2002/24/EB, IV. viðauka, og til innleiðingar á tilskipun 2003/20/EB.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 9. gr. sem öðlast gildi 1. september 2004.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sturla Böðvarsson.*

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Leggja skal slíka samninga fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar.

2. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Guðni Ágústsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. og 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:

Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má þá synjun undir dómara.

Þegar verjandi hefur fengið afhent endurrit af skjölum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum það með öðrun hætti.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

- a. Við 6. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Það sama á við ef ætla má að öryggi vitnis geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur komist með nærveru sinni í þinghaldi að raun um persónuauðkenni þess, enda sé þá um leið gætt leyndar um nafn þess, sbr. 8. mgr.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Dómari getur samkvæmt kröfu ákveðið að vitni sem kemur fyrir dóm geri ekki í heyranda hljóði grein fyrir nafni sínu eða öðru sem varðar persónu þess og ekki eru efni til að telja nafnleynd geta spillt fyrir vörn sakbornings svo að máli skipti. Skal þá dómara greint bréflega og í trúnaði frá nafni vitnis og öðrum atriðum sem leynd verður um, en gögn með þeim upplýsingum skulu síðan varðveitt þannig að tryggt sé að aðrir fái ekki aðgang að þeim. Sé máli skotið til æðra dóms skulu þessar upplýsingar á sama hátt fylgja því.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Rannsóknari semur skriflegar skýrslur um rannsóknaraðgerðir sínar og skulu skráðar þar skýrslur þeirra sem yfirheyrðir eru, athuganir rannsóknara sjálfs og annað það sem máli skiptir. Rannsóknari getur tekið yfirheyrslur af sakborningum og vitnum upp á hljóðband eða myndband eða mynddisk. Dómsmálaráðherra setur reglur um framkvæmd hljóðritana og upptöku.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ef ætla má vegna sakarefnis að öryggi þess sem gerir skýrslu eða sinnir annars rannsóknaraðgerð geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur eða aðrir komist að raun um nafn hans eða önnur persónuauðkenni er heimilt með samþykki þess sem rannsókn stýrir að gefa hlutaðeiganda þar tilbúið heiti eða auðkenni. Skal þá um leið skjalfest hvaða maður hafi átt í hlut, en aðrir skulu ekki hafa aðgang að gögnum um það en sá sem rannsókn stýrir, svo og ákærandi og dómari ef mál kemur til kasta þeirra.

## 4. gr.

2. málsli. b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laganna orðast svo: Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að fimm vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.

## 5. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 76. gr. laganna verður svohljóðandi: Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun lögreglu til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum er tilkynnt um hana og skal ríkissaksóknari taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum.

## 6. gr.

A- og b-liður 86. gr. laganna orðast svo:

- a. að leggja fyrir síma- eða fjarskiptafyrirtæki að leyfa að hlustað sé á eða tekin sé upp símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki eða að öðrum kosti síma eða fjarskiptatæki í eigu eða umráðum tilgreinds manns,
- b. að fá upplýsingar hjá síma- eða fjarskiptafyrirtækjum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Björn Bjarnason.*

# LÖG

## um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Vörugjald af olíu, gjaldskylda og fjárhæð gjalds.

##### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af gas- og dísilolíu sem flokkast í tollskrárnúmer 2710.1930 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Í lögum þessum er vörugjald á olíu nefnt olíugjald.

Gjaldskylda skv. 1. mgr. nær einnig til olíu í öðrum tollskrárnúmerum sem blönduð hefur verið gjaldskyldri olíu, enda séu blöndurnar nothæfar sem eldsneyti á ökutæki.

Fjárhæð olíugjalds skal vera 45 kr. á hvern lítra af olíu.

##### 2. gr.

Tollstjóri annast álagningu og innheimtu olíugjalds af gjaldskyldri olíu sem aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 3. gr. flytja til landsins. Ríkisskattstjóri annast álagningu olíugjalds á þá sem skráningarskyldir eru skv. 3. gr. vegna sölu þeirra og eigin nota á gjaldskyldri olíu. Ríkisskattstjóra er heimilt að fela skattstjórum framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögnum.

#### Gjaldskyldir aðilar.

##### 3. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. þeir sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.,
2. þeir sem flytja inn, til endursölu eða eigin nota, olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.,
3. þeir sem kaupa olíu innan lands til endursölu.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir gjaldskylda aðila skv. 1. mgr. Gjaldskyldir aðilar skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem einvörðungu flytja inn olíu til eigin nota, skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu til ríkisskattstjóra áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skv. 2. mgr. skal tilgreina nafn, heimili og kennitölu rekstraraðila, firmanafn og tegund framleiðslu eða innflutnings. Enn fremur skulu þeir sem flytja inn olíu til endursölu greina frá birgðageymslum, þ.m.t. sölustöðum, staðsetningu þeirra og stærð. Verði breytingar á gjaldskyldri starfsemi, þ.m.t. varðandi birgðageymslur, ber að tilkynna þær án tafar.

Ríkisskattstjóri rannsakar tilkynningar og getur hafnað skráningu ef skilyrðum þessarar greinar eða annarra ákvæða laga þessara er ekki fullnægt.

Hafni ríkisskattstjóri skráningu, sbr. 4. mgr., ber viðkomandi að standa skil á olíugjaldi við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða eða við afhendingu ef um innlenda framleiðslu eða aðvinnslu er að ræða.

**Undanþágur og endurgreiðslur.**

## 4. gr.

Sala eða afhending á olíu, sem bætt hefur verið í litar- og/eða merkiefnum, sbr. 5. gr., er undanþegin gjaldskyldu í eftirfarandi tilvikum:

1. til nota á skip og báta,
2. til húshitunar og hitunar almenningsundlauga,
3. til nota í iðnaði og á vinnuvélar,
4. til nota á dráttarvélar í landbúnaði,
5. til raforkuframleiðslu,
6. til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987,
7. til nota á vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum.

Litaða olíu má ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilvikum en lýst er í 1. mgr. Litar- og/eða merkiefni má hvorki fjarlægja að öllu leyti né að hluta.

Óheimilt er að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar í landbúnaði og bifreiðar skv. 6. og 7. tölul. 1. mgr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um skilyrði fyrir undanþágu í reglugerð.

## 5. gr.

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 3. gr. og óska eftir að fá heimild til að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds, sbr. 4. gr., skulu senda umsókn til ríkisskattstjóra. Einungis þeim sem fengið hafa leyfi hjá ríkisskattstjóra er heimilt að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu samkvæmt lögum þessum.

Aðeins má lita olíu í búnaði sem viðurkenndur hefur verið af Löggildingarstofu.

Ríkisskattstjóri getur afturkallað eða takmarkað leyfi til litunar á olíu ef í ljós kemur að búnaður uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett hafa verið, lituð olía er seld til annarra nota en tilgreind eru í 1. mgr. 4. gr. eða viðunandi eftirliti verður ekki komið við.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða á um gerð og samsetningu litar- og/eða merki-efnis, litunarbúnað og framkvæmd litunar að öðru leyti.

## 6. gr.

Þeim sem hafa einkaleyfi til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, skulu endurgreidd 80% olíugjalds af olíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum. Reglur um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skulu settar af fjármálaráðherra í samráði við samgönguráðherra.

Endurgreiða skal olíugjald af olíu sem erlend sendiráð eða sendimenn erlendra ríkja kaupa vegna bifreiða í sinni eigu.

Beiðnir um endurgreiðslu skulu afgreiddar af ríkisskattstjóra sem jafnframt tilkynningu til beiðanda skal tilkynna ákvörðun sína til innheimtumanns ríkissjóðs til útborgunar hjá honum.

**Bókhald.**

## 7. gr.

Gjaldskyldir aðilar sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu aðgreina í bókhaldi sínu kaup á olíu sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu, olíu til annarrar framleiðslu og olíu sem afhent er öðrum. Jafnframt skulu þeir halda

bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun slíkrar olíu og afhendingu hennar. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Aðrir gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., skulu halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun hennar og sölu eða afhendingu. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Við sölu eða afhendingu olíu skal gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. útgáfudagur,
2. útgáfustaður,
3. afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður,
4. nafn og kennitala seljanda (birgðasala),
5. nafn og kennitala kaupanda (móttakanda),
6. magn, einingarverð og heildarverð gjaldskyldrar olíu.

Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 3. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort olíugjald er lagt á og hver fjárhæð olíugjalds er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði bókhaldslaga. Við afhendingu á litaðri olíu til nota sem greinir í 1. mgr. 4. gr. skal tilgreina á sölureikningi að um gjaldfrjálsa litaða olíu sé að ræða.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út sölu-reikning, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

#### 8. gr.

Þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu olíugjalds skv. 1. mgr. 6. gr. skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir fyrir sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar.

Vanræki aðili að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir tímabilið þegar bókhald eða skráning var ekki fullnægjandi.

### Uppgjör og innheimta.

#### 9. gr.

Gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., skulu greiða olíugjald af gjaldskyldri olíu fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun. Þeir sem flytja inn gjaldskylda olíu til eigin nota skulu greiða olíugjald við tollafgreiðslu.

Við uppgjör olíugjalds má draga frá fjárhæð sem nemur sannanlega töpuðum útistandandi kröfum til greiðslu olíugjalds sem áður hefur verið skilað í ríkissjóð.

#### 10. gr.

Til gjaldskyldrar sölu eða afhendingar telst ekki:

1. olía sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila,
2. olía sem flutt er úr landi,
3. olía sem sannanlega hefur farið forgörðum vegna leka, eldsvoða eða rýrnunar af öðrum sambærilegum ástæðum.

## 11. gr.

Uppgjörstímabil olíugjalds er einn mánuður. Gjaldldagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjaldldaga upp á helgidag eða almennan frídag færast hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjaldldaga skulu gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu, olíugjaldsskýrslu, yfir magn gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu olíugjaldsins. Fjármálaráðherra kveður í reglugerð á um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu, þar á meðal hvernig rafrænum skilum á skýrslu og greiðslu skuli háttað.

Ríkisskattstjóri skal ákvarða olíugjald gjaldskylds aðila á hverju uppgjörstímabili. Hann skal rannsaka olíugjaldsskýrslur og leiðréttu þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett eru samkvæmt þeim. Þá skal ríkisskattstjóri áætla gjald af viðskiptum þeirra sem ekki senda skýrslur innan tilskilins frests, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Þó er ríkisskattstjóra heimilt að leiðréttu augljósar reikningsskekkjur án sérstakrar tilkynningar til gjaldanda.

Sé olíugjaldsskýrsla ekki afhent innan tilskilins frests eða olíugjald ekki greitt er ríkisskattstjóra enn fremur heimilt að afturkalla skráningu skv. 3. gr. þar til úr hefur verið bætt.

## 12. gr.

Komi í ljós annmarkar á olíugjaldsskýrslu, fyrir eða eftir ákvörðun skv. 11. gr., eða telji ríkisskattstjóri frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skriflega skora á gjaldskyldan aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn sem ríkisskattstjóri telur þörf á. Fáir ríkisskattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan tilskilins frests ákvarðar hann eða endurákvörðar olíugjald samkvæmt olíugjaldsskýrslu og að fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á olíugjaldsskýrslu, svar aðila berst ekki innan tilskilins frests, skýringar hans eru ófullnægjandi eða eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir er ríkisskattstjóra heimilt að áætla olíugjald aðila.

Við ákvörðun eða endurákvörðun skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri tilkynna aðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að aðili geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun skal ríkisskattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar.

Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.



II. KAFLI  
**Kilómetragjald.**

13. gr.

*Kilómetragjald.*

Greiða skal kilómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:

1. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga,
2. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,
3. bifreiðum og eftirvögnum, sbr. 1. og 2. tölul., sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands. Tollstjóri skal við komu og brottför ökutækis lesa af öikumæli þess og ákvarða kilómetragjald í samræmi við ekinn kilómetrafjölda.

Gjaldskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á skráðum eiganda ökutækis á álestrardegi eða afskráningardegi hafi ökutæki verið afskráð. Hafi orðið eigendaskipti á ökutæki án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir gjaldskyldan jafnframt á nýjum eiganda. Ef annar aðili en skráður eigandi hefur umráðarétt yfir skráningarskyldu ökutæki ber hann óskipta ábyrgð með skráðum eiganda á greiðslu kilómetragjalds. Skylda til greiðslu kilómetragjalds af ökutæki sem skráð er erlendis hvílir á innflytjanda þess.

Kilómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kilómetragjald, kr.</i>	<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kilómetragjald, kr.</i>
10.000–11.000	0,29	21.001–22.000	6,89
11.001–12.000	0,89	22.001–23.000	7,49
12.001–13.000	1,49	23.001–24.000	8,09
13.001–14.000	2,09	24.001–25.000	8,69
14.001–15.000	2,69	25.001–26.000	9,29
15.001–16.000	3,29	26.001–27.000	9,89
16.001–17.000	3,89	27.001–28.000	10,49
17.001–18.000	4,49	28.001–29.000	11,09
18.001–19.000	5,09	29.001–30.000	11,69
19.001–20.000	5,69	30.001–31.000	12,29
20.001–21.000	6,29	31.001 og yfir	12,89

Kilómetragjald af gjaldskyldum eftirvögnum skv. 2. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sama fjárhæð kilómetragjaldsins og kveðið er á um í 3. mgr.

Eigendur eða umráðamenn ökutækja til sérstakra nota, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr., skulu greiða kilómetragjald skv. 3. mgr.

Upphæð kilómetragjalds ræðst af gjaldþyngd ökutækis. Gjaldþyngd ökutækis skal vera leyfð heildarþyngd þess, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 528/1998, um stærð og þyngd ökutækja. Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása samtengd ökutæki.

Öikumælar skulu settir í bifreiðar og eftirvagna á kostnað eigenda. Í reglugerð skal kveðið á um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit. Ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt reglugerð

nr. 136/1995 skal ökuritinn notaður sem öikumælir. Nú er ökuriti notaður sem öikumælir og er öikumanni þá skylt að hafa skráningarblað (skifu) í ökuritanum.

Ríkisskattstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að öikumælisskyld bifreið eða eftirvagn sé útbúin öikumæli, enda fari ákvörðun kílómetragjalds fram á annan jafntrygган hátt.

Kílómetragjald skv. 3. tölul. 1. mgr. skal greiða við brottför bifreiðar eða vagns úr landi.

#### 14. gr.

Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farni hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan tilskilins frests endurákvæðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

Endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema mismun á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins síðustu sextíu dagana áður en mæling fer fram.

Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvæða þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.

#### 15. gr.

##### *Ákvörðun kílómetragjalds.*

Álestrartímabil eru frá 1. desember til 15. desember og frá 1. júní til 15. júní ár hvert. Eigandi eða umráðamaður ökutækis sem kílómetragjald er greitt af skv. 13. gr. skal án sérstakrar tilkynningar koma með ökutæki til álestraraðila á álestrartímabili og láta lesa á og skrá stöðu öikumælis. Ríkisskattstjóri ákvarðar að loknu hverju álestrartímabili kílómetragjald ökutækja, sem færð hafa verið til álestrar, vegna aksturs þeirra frá síðasta álestrartímabili þar á undan til álestrardags. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af öikumæli ökutækis utan álestrartímabils, ákvarða kílómetragjald vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Gjalddagi kílómetragjalds fyrir álestrartímabilið 1. desember til 15. desember er 1. janúar þar á eftir og gjalddagi kílómetragjalds fyrir álestrartímabilið 1. júní til 15. júní er 1. júlí þar á eftir. Við eigendaskipti ökutækis er gjalddagi og álestrardagur sá sami, sbr. 21. gr. Eindagar skattsins eru 15. febrúar og 15. ágúst.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af öikumæli þess á álestrartímabili skal ríkisskattstjóri áætla kílómetragjald. Áætlun skal miðast við að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri tímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili tímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

## 16. gr.

Ökumaður ökutækis sem kílómetragjald er greitt af skv. 13. gr. skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina. Hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafa talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ef sérstakur ökumælir er í eftirvagni skal ökumaður einu sinni í hverri viku, sem eftirvagn hefur verið hreyfður, skrá kílómetrastöðu ökumælis eftirvagns og athuga hvort mælir hefur talið rétt. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags sem ökutæki er ekið. Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

Nú kemur í ljós við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita, að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki og skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar. Ef taka þarf ökumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af mælinum.

Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki og er þá heimilt að aka án ökumælis gegn greiðslu daggjalds, enda sé það tilkynnt til Vegagerðarinnar á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga í senn. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án ökumælis og skal gjaldið miðast við a.m.k. 200 km akstur fyrir hvern dag sem ekið er án ökumælis. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur verði því komið við samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.

## 17. gr.

Komi í ljós eftir ákvörðun kílómetragjalds skv. 15. gr. að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, ökumælir verið óvirkur, innsigli rofið eða mælir talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að kílómetragjald hafi ekki verið réttilega ákvarðað skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. 15 daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan frests endurákvæðar hann gjald á grundvelli fyrirbyggjandi gagna en að öðrum kosti endurákvæðar hann gjald skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalsins aksturs skal miðast við 2.000 km akstur fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantallinn nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu ökumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

## III. KAFLI

**Kæruheimildir, eftirlit og refsíabyrgð.**

## 18. gr.

*Kæruheimildir.*

Ákvörðun ríkisskattstjóra skv. 4. mgr. 3. gr., 6., 11. og 15. gr. er kæránleg til hans innan 30 daga frá því að hún var tilkynnt. Kærufrestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um gjaldákvörðun. Við ákvörðun oliugjalds án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kærufrestur þó frá gjalddaga uppgjörstimabils, sbr. 11. gr. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 12. gr. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests kveða upp rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

Heimilt er að kæra úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. og endurákvörðun skv. 12. og 17. gr. til yfirsattanefndar samkvæmt ákvæðum laga um yfirsattanefnd.

Heimild til endurákvörðunar samkvæmt lögum þessum nær til síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi kennt um að áðurnefnd gjöld voru vanálögð, og/eða hafi hann látið í té við álagningu eða álestur fullnægjandi upplýsingar og/eða gögn sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að ákvarða honum gjald nema vegna síðustu tveggja ára sem næst voru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

Yfirsattanefnd úrskurðar sektir skv. 20. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og hugsanlegrar dómsmeðferðar skv. 5. mgr. Úrskurður yfirsattanefndar er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar. Skatransóknarstjóri ríkisins getur eftir kröfu sökunauts eða af sjálfsdáðum vísað máli til opinberrar rannsóknar.

Sök skv. 20. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skatransóknarstjóra ríkisins eða ríkislögreglustjóra gegn aðila sem sökunaut enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

Hafi oliugjald skv. 11. gr. eða kílómetragjald skv. 15. gr. ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Við endurákvörðun oftekinna gjalda samkvæmt lögum þessum skal greiða gjaldanda vexti, sem skulu vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. másl. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðslan fer fram.

Ákvörðun tollstjóra skv. 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. er kæránleg til hans innan 30 daga frá gjalddaga. Að öðru leyti skulu ákvæði þessarar greinar gilda um ákvarðanir skv. 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. eftir því sem við á, þ.m.t. kærur til yfirsattanefndar.

## 19. gr.

*Eftirlit.*

Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á skráningarskyld ökutæki og að skráning þeirra og búnaður sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Jafnframt annast ríkisskattstjóri eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá. Fjármálaráðherra er heimilt að fela Vegagerðinni framkvæmd eftirlitsins.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á skráningarskylt ökutæki andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeymi og vél ökutækis. Eftirlitsmönnum er heimilt að taka sýni af eldsneyti sem notað er á skráningarskylt ökutæki. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á því sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælubúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók.

Ríkisskattstjóra er heimilt við eftirlit með gjaldskyldum aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að framangreindum gögnum, starfsstöðvum og birgðastöðvum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt eftir því sem þau geta átt við.

#### 20. gr.

##### *Refsiábyrgð.*

Skýri gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um skyldu sína til greiðslu olíugjalds skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt sem nemur allt að tífaldri, og aldrei lægri en tvöfaldri, þeirri fjárhæð sem dregin var undan eða vanrækt var að greiða.

Vanræki gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum samkvæmt ákvæðum laga um bókhald.

Vanræki gjaldskyldur aðili að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn eins og ákveðið er í lögum þessum, eða skýri hann rangt eða villandi frá einhverju sem varðar skyldu til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds, þótt upplýsingarnar hafi hvorki haft áhrif á greiðslu hans né viðskiptamanna hans á olíugjaldi, eða brjóti á annan hátt gegn lögum þessum, skal hann sæta sektum enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir þessum lögum eða öðrum lögum.

Brjóti eigandi eða umráðamaður ökutækis af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, svo sem með því að nota litaða olíu á skráningarskylt ökutæki sitt, sbr. 3. mgr. 4. gr., hafa ökutæki heimildarlaust í umferð án þess að það sé búið ökumæli, ef ökumælir telur ekki eða akstur er ekki færður í akstursbók, skal hann greiða sekt sem nemur allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að hann hafi dregið undan eða hafi verið ofendurgreidd.

Séu brot stórfelld eða ítrekuð gegn lögum þessum má auk sektar beita fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverðar skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans.

Ef skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að brot skv. 3. mgr. varði ekki þyngri refsingu en sekt er honum heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að greiða sekt sem greiðist innan tveggja mánaða í stað sektarmeðferðar skv. 4. mgr. 18. gr. Sé sekt greidd innan þess tíma telst máli vera lokið af hálfu skattyfirvalda. Greiðist sekt ekki fer um sektarmeðferð skv. 4. mgr. 18. gr. Hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis framíð brot skv. 4. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantallinn er ríkisskattstjóra

heimilt að ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 100.000 kr. Sektar-  
ákvörðun ríkisskattstjóra er kæránleg til yfirkattanefndar innan 30 daga frá póstlagningu  
ákvörðunar. Sektarfjárhæð sem ríkisskattstjóri ákvarðar dregst frá sektarfjárhæð skv. 4. mgr.

#### 21. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að  
greitt hafi verið af henni kílómetragjald sem fallið er í eindaga á skoðunardegi. Að öðrum  
kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni og tilkynna lögreglu um það þegar í stað.  
Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjald-  
fallið kílómetragjald fyrr en eftir eindaga.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki nema gjaldfallið kílómetragjald hafi verið  
greitt og lesið hafi verið af öikumæli og kílómetragjald vegna þess álestrar greitt.

Hafi gjöld samkvæmt lögum þessum ekki verið greidd á gjalddaga skal lögreglustjóri að  
kröfu innheimtumanns ríkissjóðs stöðva ökutækið hvar sem það fer og taka skráningarmarki  
þess til geymslu.

Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið kílómetragjald hafi áður verið  
greitt af henni.

Óheimilt er að afhenda skráningarmarki sem afhent hafa verið skráningaraðila til varð-  
veislu nema gjaldfallið kílómetragjald hafi áður verið greitt.

Ef gjaldskylt ökutæki er flutt tímabundið úr landi skal ekki greiða kílómetragjald vegna  
þess aksturs sem sannanlega hefur átt sér stað erlendis enda tilkynni eigandi eða umráðamað-  
ur ríkisskattstjóra um akstur erlendis og framvísi innflutnings- og útflutningsskýrslu með  
staðfestingu tolyfirvalda á kílómetrastöðu ökurita eða öikumælis og hraðamælis við útflut-  
ning og innflutning.

Óheimilt er að skipa ökutæki úr landi nema greitt hafi verið álagt kílómetragjald.

Kílómetragjaldi fylgir lögveðsréttur í viðkomandi ökutæki.

#### 22. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd á gjalddaga, sbr. 11. gr., eða eftir atvikum  
á eindaga, sbr. 15. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og  
með gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verð-  
tryggingu.

### Ýmis ákvæði og gildistaka.

#### 23. gr.

Að því leyti sem ekki er öðruvísi kveðið á um í lögum þessum gilda ákvæði laga um  
virðisaukaskatt. Varðandi álagningu og innheimtu olíugjalds við tollafgreiðslu skulu gilda  
ákvæði tollalaga.

Innheimtar tekjur af olíugjaldi og kílómetragjaldi samkvæmt lögum þessum renna til  
Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði  
við framkvæmd laga þessara.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

## 24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um þungaskatt sem greiða á af notkun ökutækja til 1. júlí 2005.

## 25. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.:

1. Í stað fjárhæðarinnar „11,34“ í 14. gr. laganna kemur: 9,28.
2. Í stað fjárhæðanna „30,89“ og „32,86“ í 2. másl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 32,95; og: 34,92.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Geir H. Haarde.





